

Fjármálaleg samskipti Hrafns Gunnlaugssonar, við ýmsa opinbera aðila

Júli 1993

1	Inngangur	2
2	Niðurstöður	4
3	Ríkisútvarpið.....	7
4	Menningarsjóður útvarpsstöðva.....	13
5	Norræni sjónvarpssjóðurinn.....	18
6	Kvikmyndasjóður.....	20
	Almennt um Kvikmyndasjóð	20
	Viðskipti Hrafns Gunnlaugssonar við Kvikmyndasjóð	23
7	Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn.....	36
	Almennt um Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn	36
	Viðskipti Hrafns Gunnlaugssonar við sjóðinn	38
8	Evrópski kvikmyndasjóðurinn	45
9	Menntamálaráðuneytið.....	47
10	Námshagstofnun.....	51
11	Lánasjóður Vestur-Norðurlanda.....	53
12	Launasjóður rithöfunda.....	55

1 Inngangur

Með bréfi dags, 7. apríl s. l. fór Hrafn Gunnlaugsson fram á að Ríkisendurskoðun athugaði samskipti hans við Sjónvarpið. Í bréfi hans segir m. a.:

"Ég tel mikilvægt, ekki mín vegna og minnar samvisku, heldur vegna þeirrar stofnunar, sem ég starfa fyrir nú um stund, að óska eindregið eftir því, að embætti yðar láti tafarlaust gera á því athugun, hvort eitthvað bendi til að ég hafi brotið af mér í starfi, ellegar að ég hafi notfært mér stöðu mína hjá Sjónvarpinu á starfstíma mínum sem dagskrárstjóri þess, til að draga mér fé, eða hygla sjálfum mér fjárhagslega."

Með bréfi dags. 13. apríl s.l. til Hrafns Gunnlaugssonar kvaðst Ríkisendurskoðun ekki geta orðið við ósk hans. Hins vegar muni stofnunin endurskoða þá afstöðu sína ef beiðni berist frá þar til bærum aðila t. d. menntamálaráðherra um sérstaka athugun á fjárhagslegum samskiptum Hrafns við Ríkisútvarpið.

Menntamálaráðherra fór síðan fram á það með bréfi til Ríkisendurskoðunar, dags. 19. apríl s.l. að stofnunin athugaði fjármálaleg samskipti Sjónvarpsins og Hrafns Gunnlaugssonar og hvort eitthvað bendi til að hann hafi brotið af sér í starfi.

Á fundi fjárlaganefndar 20. apríl s. l. var síðan eftirfarandi tillaga samþykkt:

"Ólafur G. Einarsson, menntamálaráðherra, hefur óskað eftir athugun á fjármálalegum samskiptum Sjónvarpsins og Hrafns Gunnlaugssonar og hvort eitthvað bendi til að hann hafi brotið af sér í starfi. Þar sem á Alþingi hafa verið bornar fram harkalegar árásir í garð sama manns um aðra þætti telur fjárlaganefnd rétt að óska eftir að Ríkisendurskoðun geri athugun á öðrum fjármálalegum viðskiptum hans við ráðuneyti, opinberar stofnanir og sjóði, er kunna að varða málið.

Nauðsynlegt er til samanburðar að fram komi fyrirgreiðsla viðkomandi stofnana og sjóða við aðra sambærilega aðila.

Í framhaldi af því verði fjárlaganefnd gerð grein fyrir málinu."

Með vísan til þessara beiðna féllst Ríkisendurskoðun síðan á að framkvæma téða athugun.

Athuginin náði til hugsanlegra viðskipta Hrafns Gunnlaugssonar við alls tíu aðila. Ítarleg gagnaöflun fór fram þar sem farið var yfir bréfasöfn og önnur skjöl, þegar við hefur átt auk fundargerða. Þá hafa aðrir látið fúslega í té þær upplýsingar sem beiðin var um. Jafnframt ræddi Ríkisendurskoðun við ýmsa einstaklinga sem tengjast málinu og eru þeir nefndir hér að neðan.

Ásgeir Guðmundsson, framkv.stj. Námsgagnastofnun
Bryndís Schram, framkv.stj. Kvikmyndasjóðs

Davíð Þór Jónsson, ritari Menningarsjóðs útvarpsstöðva
 Friðbert Pálsson, stjórnarmaður í Kvikmyndasjóði
 Guðbrandur Gíslason, fyrrverandi framkv.stj. Kvikmyndasjóðs
 Guðni Guðmundsson, stjórnarmaður Menningarsjóðs útvarpsstöðva
 Guðríður Sigurðardóttir, ráðuneytisstjóri
 Hrafn Gunnlaugsson
 Hörður Vilhjálmsson, framkv.stj. Ríkisútvarpi
 Karl Jeppesen, deildarstjóri Námsgagnastofnun
 Knútur Hallsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri
 Kristín Jóhannesdóttir, stjórnarmaður í Kvikmyndasjóði
 Ólafur Arnarson, menntamálaráðuneyti
 Ólafur G. Einarsson, menntamálaráðherra
 Ólafur Ragnarsson, fulltrúi Íslands í stjórn Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins
 Pétur Guðfinnsson, framkv.stj. Ríkisútvarpsins, sjónvarps
 Ragnar Arnalds, formaður stjórnar Kvikmyndasjóðs
 Sigurður Valgeirsson, nefndarmaður í úthlutunarnefnd Kvikmyndasjóðs
 Steinar Jakobsson, framkv.stj. Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda
 Þórður Helgason, fyrrv. stjórnarmaður Launasjóði rithöfunda
 Þorsteinn Jónsson, fyrrverandi framkv.stj. Kvikmyndasjóðs
 Þórunn J. Hafstein, deildarstjóri menntamálaráðuneyti

Ríkisendurskoðun færir öllum þessum aðilum bestu þakkir fyrir veitta aðstoð við athugun þessa.

Fjárhæðir hafa allar verið reiknaðar til verðlags í maí 1993 frá meðalverði hvers árs samkvæmt framfærsluvísitölu nema fjárhæðir ársins 1993 en þær eru óbreyttar. Erlendar fjárhæðir eru reiknaðar til íslensks verðs með kaupgengi gjaldeyris eins og það var 18. maí 1993.

2 Niðurstöður

Ríkisendurskoðun hefur að beiðni menntamálaráðherra og fjárlaganefndar Alþingis gert athugun á fjármálalegum samskiptum Hrafns Gunnlaugssonar, setts framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins-Sjónvarps, við ráðuneyti, opinberar stofnanir og sjóði.

Athuguð voru tengsl Hrafns við alls tíu aðila. Hér á eftir er í stuttu máli gerð grein fyrir helstu niðurstöðum.

Ríkisútvarpið

Hrafn Gunnlaugsson starfaði sem dagskrárstjóri Sjónvarps frá 1985 til 1993, þar af var hann en í leyfi frá störfum síðustu fjögur árin. Á þessu tímabili greiddi stofnunin Hrafni fyrir sýningarrétt, þáttagerð og keypti af honum tækjabúnað samtals fyrir rúmlega 25 milljónir króna að núvirði. Þegar á heildina er litið verður ekki annað sagt en að greiðslur til Hrafns í hverju einstöku tilviki hafi verið í þokkalegu samræmi við það sem tíðkast hefur um samsvarandi greiðslur til annarra vegna sambærilegra viðskipta. Athugun stofnunarinnar leiddi ekki í ljós að sérstök ástæða væri til að ætla að Hrafn hafi hyglað sjálfum sér fjárhagslega í starfi sínu hjá Sjónvarpinu. Hinsvegar hljóta svo umfangsmikil viðskipti stofnunarinnar við starfsmann sinn í stjórnunarstöðu almennt séð að orka tvímælis vegna hættu á hagsmunarárekstrum.

Við athugun Ríkisendurskoðunar á fjármálalegum samskiptum Hrafns Gunnlaugssonar og Sjónvarpsins hefur hinsvegar ekkert komið fram sem bendir til þess að hann hafi brotið af sér í opinberu starfi eða dregið sér fé.

Meningarsjóður útvarpsstöðva

Hrafn sat í stjórn sjóðsins á tímabilinu 1991 - 1993, en hefur aldrei sótt um styrki til hans.

Að mati Ríkisendurskoðunar var það óheppilegt að skipa dagskrárstjóra Sjónvarpsins, jafnvel þótt hann hafi verið í launalaus leyfi, sem fulltrúa menntamálaráðherra í stjórn sjóðsins og þar með um leið formann. Við það jókst tortryggni í garð sjóðstjórnarinnar vegna aukinnar hættu á að taumur Ríkisútvarpsins kynni að verða dreginn meira en góðu hófi gegndi við afgreiðslu mála.

Enn hefur ekki reynt á eftirlit með styrkjum sem veittir hafa verið sjálfstætt starfandi dagskrárgerðarmönnum enda er einungis tveimur verkum lokið og hafa bæði verið sýnd í sjónvarpi. Stjórn sjóðsins hefur ekki mótað neinar starfsreglur um þennan þátt í starfsemi eftir að reglugerðinni var breytt og er brýnt að á því verði ráðin bót.

Norræni sjónvarpssjóðurinn

Hrafn Gunnlaugsson eða fyrirtæki hans F.I.L.M. hf. hafa ekki fengið styrk úr þessum sjóði. Hann leikstýrði hins vegar stóru verkefni, "Hvíta víkingnum", sem var aðallega kostað af sjóðnum og norrænu ríkissjónvarpsstöðvunum. Hrafn tók engan beinan fjárhagslegan þátt í gerð þessarar myndar og sýnist samband hans við framleiðendur hennar hafa verið hefðbundið launasamband sem byggði á starfssamningi um tiltekið verk. Ýmsir aðrir íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa á hinn bóginn notið styrkja úr sjóðnum.

Kvikmyndasjóður

Hrafn hefur setið í stjórn Kvikmyndasjóðs frá árinu 1984. Á sama tíma hefur hann sjálfur eða fyrirtæki hans, sótt um og fengið úthlutað styrkjum frá sjóðnum. Styrkir til Hrafns nema samtals um 91 m.kr. að núvirði.

Þegar litið er heildstætt á mál er tengjast stjórn og starfsemi Kvikmyndasjóðs er það mat Ríkisendurskoðunar að hæfisreglna stjórnsýsluréttarins hafi ekki verið gætt sem skyldi á vettvangi sjóðsins á undanförunum árum, en fyrir liggur að einstakir stjórnarmenn í Kvikmyndasjóði hafa tekið þátt í skipun manna í úthlutunarnefnd þrátt fyrir að þeir hafi sótt um eða ætlað sér að sækja um styrki úr sjóðnum.

Telja verður að því skilyrði sjóðsins að umsækjendur skuli gera fullkomna grein fyrir fjármögnun mynda sinna, hafi ekki verið framfylgt svo fullnægjandi sé í öllum tilvikum. Ríkisendurskoðun telur mjög áriðandi að framkvæmd á úthlutunarreglum sjóðsins sé samræmd, enda hlýtur það ætíð að valda tortryggni þegar slík framkvæmd lítur út fyrir að vera mismunandi eftir því hver á í hlut.

Ríkisendurskoðun telur að töluverður misbrestur hafi verið á að ýmsir styrkþegar Kvikmyndasjóðs hafi gert fullnægjandi grein fyrir ráðstöfun styrkfjár. Að hluta til er hér því um að kenna að sjóðurinn hefur hvorki sett nægjanlega skýrar reglur um það með hvaða hætti gera eigi grein fyrir styrkjum né hverju það varði sé greinargerðum ekki skilað. Telja verður fulla ástæðu til að sjóðurinn gangi betur eftir greinargerðum en nú er gert og geri það með samræmdum hætti þannig að tryggt sé að styrkþegar sitji allir við sama borð í þessu efni. Að öðrum kosti er hætta á að tortryggni vakni gagnvart störfum sjóðsins og styrkjum hans til íslenskra kvikmyndagerðarmanna.

Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn

Fyrirtæki Hrafns hefur einu sinni sótt um og fengið úthlutað styrk úr Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðnum, en þar er um að ræða 1 milljón SEK styrk á árinu 1992. Sjóðurinn hefur einnig veitt ýmsum öðrum íslenskum kvikmyndagerðamönnum umtalsverða styrki, sem í mörgum tilfellum eru mun hærri en fyrirtæki Hrafns fékk.

Að mati Ríkisendurskoðunar verður ekki staðhæft að bréf menntamálaráðuneytisins til sjóðsins um endurskoðun á afgreiðslu sjóðsins á styrkumsókn F.I.L.M. hf. hafi skipt sköpum um að félagið fékk styrk frá sjóðnum. Fremur sýnist mega skýra

afstöðubreytingu stjórnarinnar sem viðurkenningu á að framkvæmdastjóri sjóðsins hefði gefið ákveðin viljrði sem sjóðurinn væri að vissu leyti skuldbundinn af.

Evrópski kvikmyndasjóðurinn

Hrafn hefur aldrei sótt um styrk til Evrópska kvikmyndasjóðinn né átt önnur viðskipti við sjóðinn. Hinsvegar hefur sjóðurinn veitt ýmsum íslenskum kvikmyndagerðarmönnum umtalsverða styrki.

Menntamálaráðuneytið

Menntamálaráðuneytið keypti á árunum 1992 og 1993 þrjár kvikmyndir af F.I.L.M. hf. til sýningar í skólum.

Kaupverð og aðrir samningsskilmálar voru innan þeirra marka sem áður hefur tíðkast við kaup ráðuneytisins á leiknum íslenskum kvikmyndum. Hinsvegar var ekki haft samráð við Námsgagnastofnun um kaupin eins og áður hafði tíðkast. Með hliðsjón af lögum um Kvikmyndasjóð verður að telja óeðlilegt að ráðuneytið sé að fjalla um og veita styrki til kvikmyndagerðar.

Námsgagnastofnun

Hrafn hefur engin viðskipti átt við Námsgagnastofnun. Stofnunin hefur hinsvegar keypt nokkrar kvikmyndir af öðrum kvikmyndagerðarmönnum.

Lánasjóður Vestur-Norðurlanda

Lánasjóður Vestur-Norðurlanda veitti fyrirtæki Hrafns 5 milljón króna skilyrt lán á árinu 1992 til að kanna grundvöll fyrir byggingu og rekstri kvikmyndavers í Reykjavík. Lánveiting þessi, sem samþykkt var einróma í stjórn sjóðsins, gefur ekki tilefni til gagnrýni.

Launasjóður rithöfunda

Hrafni var úthlutað tveggja mánaða starfslaunum úr Launasjóði rithöfuna bæði á árinu 1989 og 1990. Úthlutanirnar gefa ekki tilefni til gagnrýni.

3 Ríkisútvarpið

Hrafn Gunnlaugsson var upphaflega ráðinn deildarstjóri innlendra dagskrárdeildar frá 1. september 1985 og gegndi starfinu í einn mánuð en fékk þá launalaust leyfi til loka þess árs. Í ársbyrjun 1986 var hann ráðinn sem dagskrárstjóri.

Sjónvarpið hefur um árabíl keypt kvikmyndir af íslenskum kvikmyndagerðarmönnum og eru þetta næstum allar þær leiknu kvikmyndir sem gerðar hafa verið hin síðari ár. Eru taldar upp hér á eftir þær kvikmyndir sem keyptar hafa verið frá árinu 1983 ásamt kaupverði og framreiknuðu kaupverði.

Heiti myndar	kaupár	kaupverð	verðlag í maí 1993
Rökk í Reykjavík 2	1983	350.000	1.718.888
Land og synir	1985	650.000	1.867.085
Hvítir mávar	1985	400.000	1.148.975
Með allt á hreinu	1985	400.000	1.148.975
Nikkelfjallið	1985	100.000	287.244
Jón Oddur og Jón Bjarni	1985	600.000	1.723.463
Skilaboð til Söndru	1985	600.000	1.723.463
Gullsandur	1985	650.000	1.867.085
Lífið er saltfiskur	1985	400.000	1.148.975
Kínaferð Stuðmanna	1986	500.000	1.184.295
Húsið	1986	750.000	1.776.442
Nýtt líf	1986	400.000	947.436
Dalalíf	1986	400.000	947.436
Löggulíf	1986	400.000	947.436
Á hjara veraldar	1986	750.000	1.776.442
Útlaginn	1987	1.350.000	2.692.342
Eins og skepnan deyr	1987	1.000.000	1.994.327
* Okkar á milli	1987	1.000.000	1.994.327
Skammdegi	1987	1.000.000	1.994.327
* Hrafninn flýgur	1987	1.350.000	2.692.342
Salka Valka	1987	180.000	358.979
Punktur,punktur...	1987	1.300.000	2.592.625
Atómstöðin	1987	1.750.000	3.490.072
Skyttarnar	1987	1.300.000	2.592.625
Veiðiferðin	1987	500.000	997.164
Kúrekar norðursins	1987	750.000	1.495.745
Morðsaga	1988	1.200.000	1.907.836
Hringurinn	1988	350.000	556.452
Brennu-Njálssaga	1988	150.000	238.480
Pappírs-Pési	1988	1.950.000	3.100.234
* Óðal feðranna	1988	1.300.000	2.066.823

Milli fjalls og fjöru	1990	600.000	685.773
Virkið	1990	1.000.000	1.142.955
Foxtrot	1990	1.500.000	1.714.433
Kristnihald undir jökli	1990	2.250.000	2.571.649
Stella í orlofi	1990	1.000.000	1.142.955
Svart og sykurlaust	1990	550.000	628.625
* Í skugga hrafnsins	1991	2.380.000	2.546.937
Magnús	1991	1.900.000	2.033.269
Svanur	1992	3.000.000	3.094.913
* Hin helgu vé	1992	3.900.000	4.023.387
Niðursetningurinn	1992	800.000	825.310
Handfærasinfónían	1993	500.000	500.000
Ingaló	1993	2.000.000	2.000.000
Garðastríðið	1993	2.000.000	2.000.000
Malbik	1993	1.300.000	1.300.000
Samtals			77.188.546

Kvikmyndir Hrafns Gunnlaugssonar eða F.I.L.M. hf eru merktar með *.

Sjónvarpið hefur greitt Hrafni og F.I.L.M. hf., en það félag er nær alfarið í eigu Hrafns og fjölskyldu hans, samtals kr. 13.323.816 fyrir sýningarrétt á kvikmyndum samkvæmt ofan nefndri töflu.

Við samanburð á ofangreindum samningum verður ekki annað séð en að eðlilegt samræmi sé milli kaupverðs kvikmyndanna í flestum tilvikum. Í heildina tekið hefur kaupverð þeirra farið nokkuð hækkandi að raungildi en ætla má að kostnaðarverð þeirra hafi einnig hækkað enda nýjustu myndirnar að jafnaði viðameiri en þær eldri.

Þær kvikmyndir sem Sjónvarpið hefur greitt hvað hæst verð fyrir eru "Pappírs-Pési" að verðgildi í maí 1993 kr. 3.100.234 en myndin er einungis 21 mínútna löng. Þess ber að geta að í kaupverði felst sýningarréttur á öllum Norðurlöndunum. Þá eru greiddar á sama verðlagi kr. 3.490.072 fyrir "Atómstöðina".

Fyrir "Hin helgu vé" hafa verið greiddar kr. 4.023.387 á maiverðlagi 1993 en gerð kvikmyndarinnar er ekki lokið. Hér ber þó að geta að greitt er fyrir þrjár sýningar á myndinni í sjónvarpi en almennt er greitt fyrir tvær sýningar á íslenskum kvikmyndum. Greiðsla fyrir þessa mynd er óvenjuleg fyrir þá sök að hafa átt sér stað að fullu áður en myndinni er lokið. Samningur milli F.I.L.M. og Sjónvarpsins var dagsettur 18. september 1992 og voru greiðslur inntar af hendi 5. febrúar og 5. apríl 1993. Í samningunum er áskilinn réttur Sjónvarpsins til að sýna myndina eigi síðar en 6 mánuðum eftir að gerð hennar lýkur. Í samningnum við Sjónvarpið kemur einnig fram að það verði talið meðframleiðandi ásamt Sveriges Television. Hrafn telur að myndin verði tilbúin innan fárra vikna.

Sjónvarpið hefur keypt kvikmyndina "Svanur" af Hillingum hf. en þeirri mynd var einnig ólokið við kaupin. Myndin er einungis hálf tíma löng í sýningu. Kaupverð hennar var kr. 2.000.000 auk þess sem Sjónvarpið lét í té þjónustu við gerð hennar

sem talið er að hafi numið allt að kr. 1.000.000. Þetta verð er í raun miklu hærra en dæmi eru til um sambærilega mynd. Myndin hefur þegar verið sýnd.

Þá eru á lokastigi samningar Sjónvarpsins við Kvikmyndafélagið Tónabíó hf. um mynd með vinnuheitinu "Tár úr steini" en þeirri mynd er ólokið. Sú mynd fjallar um ævi Jóns Leifs tónskálds. Verð það sem rætt er um í þeim samningi er kr. 7.800.000 og er ráðgert að myndin verði 90 - 100 mínútna löng. Þetta verð er einnig hærra en Sjónvarpið hefur áður greitt fyrir leikna kvikmynd í fullri lengd.

Almennt séð hljóta þessi kaup Sjónvarpsins að skapa fordæmi. Á meðan það er stefna Sjónvarpsins að eignast allar íslenskar kvikmyndir og sýna þær í sjónvarpi geta kvikmyndagerðarmenn gert ráð fyrir að geta selt Sjónvarpinu kvikmyndir sínar.

Sjónvarpið hefur stundum keypt notuð tæki til sjónvarpsmyndagerðar m.a. af aðilum í kvikmyndagerð. Þannig hefur sjónvarpið tvisvar keypt notuð tæki af F.I.L.M., fyrst klippisamstæðu í nóvember 1986 fyrir kr. 300.000 og síðan klippisamstæðu í febrúar 1992 fyrir kr. 400.000. Á verðlagi í maí 1993 nema þessar fjárhæðir kr. 710.577 og kr. 412.655 eða samtals kr. 1.123.232. Framkvæmdastjóri tæknideildar segir að mið hafi verið tekið af verði nýrra tækja á árinu 1985 og notaðra hliðstæðra tækja frá árinu 1992. Kaupin í fyrra skiptið voru gerð til að fjölga klippisamstæðum en í síðara skiptið var um endurnýjun að ræða. Í báðum tilvikum bauð F.I.L.M. tækin til kaups. Sjónvarpið hefur einnig keypt notuð tæki af öðrum aðilum. Þannig var keypt hljóðborð af Hljóðrita, líklega á árinu 1981, og hljóðsegulbandstæki á árunum 1989 og 1993. Af Vilhjálmi Knudsen voru keypt ljósatæki líklega 1985; af Saga-film U-matic myndbandstæki 1988 og sams konar tæki af Landhelgisgæslunni 1988. Í öllum þessum tilvikum voru tækin boðin Sjónvarpinu til kaups. Þá keypti Sjónvarpið ýmis notuð tæki á uppboði þrotabús Ísfilmi hf. Ekki hefur verið gerð sérstök athugun á þessum kaupum, en framlögð gögn benda ekki til að um óeðlilegar fjárhæðir hafi verið að ræða.

Aðrar greiðslur Sjónvarpsins til Hrafns Gunnlaugssonar og F.I.L.M. hafa verið sem hér segir:

1986:	fjárhæð greiðslu	verðlag í maí 1993
Fyrir handrit	16.000	37.897
Fyrir upplestur	3.000	7.106
Fyrir umsjón	63.000	149.221
Fyrir handrit að endurfluttu efni	53.981	127.858
Fyrir leikstjórn að endurfluttu efni	254.972	603.924
	-----	-----
Samtals 1986	390.953	926.006
1987:		
Fyrir upptökustjórn	8.450	16.852
Fyrir handrit	41.162	82.090
Fyrir höfundarlaun að endurfluttu efni	61.822	123.293

Fyrir lestur á endurfluttu efni	545	1.087
	-----	-----
Samtals 1987	111.979	223.322
1988:		
Fyrir umsjón	160.000	254.378
Fyrir handrit	71.284	113.332
	-----	-----
Samtals 1988	231.284	367.710
1989:		
Fyrir flutning	31.217	40.974
Fyrir handrit	25.867	33.952
	-----	-----
Samtals 1989	57.084	74.927
1990:		
Fyrir upplestur	3.531	4.036
Fyrir frumbirtingu	6.750	7.715
	-----	-----
Samtals 1990	10.281	11.751
1992:		
Fyrir þátttöku	10.000	10.316
	-----	-----
Samtals 1992	10.000	10.316

Samtals hefur Hrafn Gunnlaugsson og F.I.L.M. fengið greiðslur vegna dagskrármála sem nema kr. 1.614.032 og af þeirri fjárhæð voru kr. 856.162 vegna endurflutts efnis. Þannig hefur Hrafn fengið kr. 757.870 fyrir þátttöku í nýjum verkefnum hjá Sjónvarpinu. Til viðbótar hefur F.I.L.M. fengið sem nemur kr. 6.688.385 á árinu 1991 og kr. 2.579.094 á árinu 1992 eða alls kr. 9.267.479 sem verktaki við gerð myndarinnar "Allt gott" en af þeim greiðslum stóð F.I.L.M. undir öllum kostnaði við gerð myndarinnar.

Samanburður leiðir í ljós að dagsskrárgreiðslur til Hrafns voru hvorki óvenjulegar né óeðlilegar miðað við það sem tíðkast hefur hjá stofnuninni í hliðstæðum tilfellum. Þannig hefur staðgengill Hrafns á meðan hann var í launalauslu leyfi fengið sambærilegar greiðslur fyrir dagskrárgerð.

Sjónvarpið hefur fengið afnot af tækjabúnaði Hrafns eða F.I.L.M. og greitt fyrir þau sem hér segir:

	fjárhæð	verðlag í maí 1993
Á árinu 1986	74.540	176.555
Á árinu 1988	76.800	122.102

Samtals		298.657

Sjónvarpið hefur fengið afnot af tækjabúnaði ýmissa aðila, svo sem klippisamstæðum, af og til á liðnum árum þegar mikið álag var á tækjum þess vegna vinnslu efnis.

Að lokum er rétt að geta þess að Hrafn eða fyrirtæki hans tóku tækjabúnað á leigu frá Sjónvarpinu vegna þáttagerðar og greiddi fyrir það kr. 34.500 á árinu 1991 en sú fjárhæð svarar til kr. 36.920 á verðlagi í maí 1993.

Viðskipti Hrafns við Sjónvarpið hafa í áranna rás verið umtalsverð. Þau hófust löngu fyrir þann tíma sem þessi athugun nær til. Má þar t.d. nefna myndirnar "Lilju" frá árinu 1977 og "Blóðrautt sólarlag" frá árinu 1978. Frá haustinu 1985 hefur Hrafn verið starfsmaður Sjónvarpsins þó oft hafi hann verið í launalausum leyfum. Þegar Hrafn var dagskrárstjóri tók hann að sér dagskrárverkefni, sem þó í mörgum tilvikum fólust í endurflutningi eldra efnis, sem hann hafði unnið fyrir Sjónvarpið. Hafa yfirmenn Sjónvarpsins ávallt samþykkt þetta efni til flutnings. Hafa verður í huga í þessu sambandi að það hefur tíðkast um áratugaskeið að fela starfsfólki Sjónvarpsins að annast margvíslega þætti í útvarpi, bæði hljóðvarpi og sjónvarpi sem sjálfstæðir verktakar.

Þá hefur Sjónvarpið séð sér hag í því að kaupa notaðan tækjabúnað af Hrafn á verði sem virðist vera sanngjarnt. Hrafn hefur iðulega selt ýmsan búnað til kvikmyndagerðar að lokinni gerð kvikmynda.

Á þeim tíma sem Hrafn var dagskrárstjóri fékk hann launalaus leyfi til að geta sinnt öðrum verkefnum. Á árinu 1987 var hann í launalaus leyfi samtals í sex mánuði og gerði þá kvikmyndina "Í skugga hrafnsins". Þann 1. febrúar 1989 fékk Hrafn launalaust leyfi til fjögurra ára og á þeim tíma var m.a. "Hvíti víkingurinn" gerður svo og sjónvarpsmyndin "Allt gott". Ennfremur tókur kvikmyndarinnar "Hin helgu vé". Hrafn kom aftur til starfa sem dagskrárstjóri 10. mars s. l. Auk þessara leyfa hefur hann fengið stutt launalaus leyfi. Tekið skal fram að staðgengill Hrafns hefur einnig fengið nokkur stutt launalaus leyfi til að geta sinnt öðrum verkefnum.

Niðurstöður

Viðskipti Hrafns og F.I.L.M. við Sjónvarpið frá og með árinu 1986 hafa verið umtalsverð. Þau viðskipti sem rakin eru hér að framan nema alls kr. 25.590.296 á verðlagi í maí 1993. Þegar á heildina er lítið verður varla annað sagt en að greiðslur til Hrafns í hverju einstöku tilviki hafi verið í þokkalegu samræmi við það sem tíðkast hefur um samsvarandi greiðslur til annarra vegna sambærilegra viðskipta. Athugun stofnunarinnar leiddi ekki í ljós að sérstök ástæða væri til að ætla að Hrafn hafi hyglað sjálfum sér fjárhagslega í starfi sínu hjá Sjónvarpinu. Hinsvegar hljóta svo

umfangsmikil viðskipti stofnunar við starfsmann sem gegnir stjórnunarstöðu hjá henni almennt séð að orka tvímælis vegna hættu á hagsmunaárekstrum.

Við athugun Ríkisendurskoðunar á fjármálalegum samskiptum Hrafns Gunnlaugssonar og Sjónvarpsins hefur ekkert komið fram sem bendir til að hann hafi brotið af sér í opinberu starf eða dregið sér fé.

Það er ekki hafið yfir gagnrýni að yfirstjórn Sjónvarpsins skuli á liðnum árum hafa veitt starfsmönnum sínum, einkum í stjórnunarstöðum, launalaus leyfi í svo ríkum mæli sem verið hefur.

4 Menningarsjóður útvarpsstöðva

Í öðrum kafla útvarpslaga nr. 68/1985 er fjallað um Menningarsjóð útvarpsstöðva. Þar segir í 10. gr. að hlutverk sjóðsins sé að veita framlög til eflingar innlendri dagskrárgerð, þeirri er verða má til menningarauka og fræðslu. Í 11. gr. segir að tekjur sjóðsins séu sérstakt gjald, menningarsjóðsgjald, sem sem skal vera 10 % og leggjast á allar auglýsingar í útvarpi, þ.e. hljóðvarpi og sjónvarpi. Af gjaldi þessu greiðist hlutur Ríkisútvarpsins af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, áður en til úthlutunar á styrkjum til útvarpsstöðva kemur. Í 12. gr. laganna segir að stjórn sjóðsins skipi þrír menn, einn tilnefndur af úrvarpsráði, einn sameiginlega af öðrum útvarpsstöðvum en Ríkisútvarpinu eða af útvarpsréttarnefnd ef þær koma sér ekki saman, og einn af menntamálaráðherra og skal hann vera formaður nefndarinnar. Stjórn sjóðsins skal skipuð til tveggja ár í senn. Í 13. gr. segir að menntamálaráðherra skuli kveða nánar á um starfsreglur Menningarsjóðs útvarpsstöðva í reglugerð.

Menntamálaráðuneytið gaf út reglugerð um sjóðinn nr. 69, 11.febrúar 1986. Þar segir í 1. gr. að hlutverk sjóðsins sé að veita íslenskum útvarpsstöðvum framlög til eflingar innlendri dagskrárgerð, þeirri er verða má til menningarauka og fræðslu. Í 4. gr. reglugerðarinnar segir að stjórn sjóðsins úthluti úr sjóðnum a. m. k. tvisvar á ári. Skuli auglýst með venjulegum hætti eftir umsóknum og gera sérstök eyðublöð fyrir umsóknir. Umsókn fylgi upplýsingar um áætlaðan kostnað og tímasetningar varðandi gerð eða kaup á þeirri dagskrá sem sótt er um framlög til. Að öðru leyti ákveður sjóðsstjórn og tiltekur í auglýsingu hvaða upplýsingar skulu fylgja umsókn. Í 5. gr. segir m. a. að framlög úr sjóðnum skulu veitt til afmarkaðra tilgreindra viðfangsefna á sviði innlendrar dagskrárgerðar. Framlög má veita til fyrirhugaðra viðfangsefna eða verka sem lokið er. Framlög eru styrkir en heimilt er að veita lán eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar. Meginregla við úthlutun er sú að framlög séu einungis veitt eftir umsókn. Þó er heimilt, ef sérstök ástæða þykir til, að veita framlög án umsóknar. Framlög skyldu einvörðungu veitt útvarpsstöðvum. Framlög má bæði veita vegna dagskrárgerðar viðkomandi útvarpsstöðvar sjálfra og vegna kaupa útvarpsstöðvar á efni til flutnings frá öðrum innlendum aðilum sem annast dagskrárgerð. Sjóðsstjórn ákveður tilhugun útborgana. Þá eru ákvæði um endurgreiðsluskyldu styrkþega ef gerð dagskrár lýkur ekki innan hæfilegs tíma að mati sjóðstjórnar.

Menntamálaráðuneytið gaf út nýja reglugerð nr. 166, 9. apríl 1991 um breyting á reglugerð nr. 69/1986 þar sem heimilað var að veita, auk íslenskra útvarpsstöðva, innlendum framleiðendum dagskrárefnis framlög til eflingar innlendri dagskrárgerð.

Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva hefur verið skipuð sem hér segir:

Frá 5. nóvember 1986.

Indriði G. Þorsteinsson, formaður, án tilnefningar.

Jón Þórarinnsson, tilnefndur af útvarpsráði.

Jón Ólafsson, tilnefndur af útvarpsréttarnefnd.

Frá 3. maí 1989.

Páll Skúlason, formaður, án tilnefningar.

Guðni Guðmundsson, tilnefndur af útvarpsráði.

Brynjólfur Bjarnason, tilnefndur af útvarpsstöðvum sem starfa samkvæmt tímabundnum leyfum.

Frá 27. nóvember 1991.

Hrafn Gunnlaugsson, formaður, án tilnefningar.

Guðni Guðmundsson, tilnefndur af útvarpsráði.

Björg Einarsdóttir, tilnefnd af útvarpsréttarnefnd.

Menntamálaráðuneytið hefur ekki ætíð gætt þess að skipa á réttum tíma stjórn í sjóðnum. Þannig var sjóðurinn án stjórnar tímabilin frá 5. nóvember 1988 til 3. maí 1989 og aftur frá 3. maí 1991 til 27. nóvember 1991.

Hrafn Gunnlaugsson fór fram á við menntamálaráðuneytið að vera leystur frá stjórnarstörfum við sjóðinn, er hann er tók til starfa á ný við Ríkisútvarpið eftir hið launalaus leyfi. Hefur ráðuneytið orðið við því en samt ekki skipað nýjan mann í stjórn sjóðsins sem jafnframt væri formaður.

Eftir að heimilað var að veita innlendum framleiðendum dagskrárefnis framlög hefur sjóðurinn auglýst í dagblöðum eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Í auglýsingum í janúar 1992 vegna umsókna á árinu 1992 var áskilið að umsóknum væri skilað á sérstökum eyðublöðum. Í auglýsingum í desember 1992 vegna umsókna og úthlutana á árinu 1993 er ætlast til að umsóknir séu sendar ritara stjórnar sjóðsins. Úthlutun styrkja haustið 1992 var gerð án þess að auglýst væri eftir umsóknum um styrki en eingöngu voru þá veittir viðbótarstyrkir til nokkurra þeirra aðila sem fengið höfðu styrki fyrir á árinu.

Ekki eru til formlegar starfsreglur um úthlutanir. Í yfirlýsingu sem styrkþegar undirrita við viðtöku styrks eru ákvæði um rétt stjórnar sjóðsins til að fá eftirrit af uppgjörum eftir að gerð mynda er lokið. Stjórn sjóðsins hefur þó ekki enn ákveðið með hvaða hætti eftirliti með notkun styrkja verði háttað..

Úthlutanir til sjálfstætt starfandi framleiðenda innlends dagskrárefnis hafa verið sem hér segir:

Snemma árs 1992:

	<i>Fjárhæð</i>	<i>Verðlag í maí 1993</i>
Viðar Víkingsson	2.000.000	2.063.275
Kvikmyndafélagið Nýja bíó	1.000.000	1.031.637
Íslenska Útvarpsfélagið hf	3.500.000	3.610.732
Þorsteinn Helgason	1.000.000	1.031.637
Ide film (Helgi Felixson og Sveinn Magnússon)	2.000.000	2.063.275
Hringsjá (Baldur Hermannsson)	3.000.000	3.094.913
Ásthildur Kjartansdóttir og Dagný Kristjánsdóttir	2.500.000	2.579.094

Egill Edvarðsson	1.000.000	1.031.637
Páll Steingrímsson	1.500.000	1.547.457
Hillingar (Lárus Ýmir Óskarsson)	2.000.000	2.063.275
Guðjón Arngrímsson	500.000	515.819

Samtals		20.632.751

Síðla árs 1992:

Viðar Víkingsson	1.000.000	1.031.637
Þorsteinn Helgason	1.000.000	1.031.637
Ide film (Helgi Felixson og Sveinn Magnússon)	1.000.000	1.031.637
Hringsjá (Baldur Hermannsson)	3.500.000	3.610.732
Ásthildur Kjartansdóttir og Dagný Kristjánsdóttir	3.500.000	3.610.732
Egill Eðvarðsson	1.000.000	1.031.637
Guðjón Arngrímsson	1.000.000	1.031.637
Einar Kárason og Friðrik Þór Friðriksson	1.000.000	1.031.637

Samtals		13.411.286

Snemma árs 1993:

Þorsteinn Helgason	2.000.000	2.000.000
Ide film (Helgi Felixson og Sveinn Magnússon)	1.000.000	1.000.000
Hringsjá (Baldur Hermannsson)	2.400.000	2.400.000
Ásthildur Kjartansdóttir og Dagný Kristjánsdóttir	2.400.000	2.400.000
Guðjón Arngrímsson	2.500.000	2.500.000
Íslenska kvikmyndasamsteypa hf (Einar Kárason og Friðrik Þór Friðriksson)	2.000.000	2.000.000
Saga film	3.000.000	3.000.000
Birgir Sigurðsson	3.500.000	3.500.000
Pegasus	3.000.000	3.000.000
Þorvaldur Gylfason	4.000.000	4.000.000
Kvikmyndafélag Íslands hf	1.000.000	1.000.000
Hjálmtýr Heiðdal	500.000	500.000
Valdimar Leifsson og Bryndís Kristjánsdóttir	2.000.000	2.000.000
Rammsýn	3.000.000	3.000.000
Jón Egill Bergþórsson	500.000	500.000
Hannes Hólmsteinn Gissurarson	1.100.000	1.100.000
Valur Ingimundarson og Árni Snævarr	2.000.000	2.000.000
Jón Hermannsson	2.000.000	2.000.000
Finnbogi Hermannsson	800.000	800.000

Samtals		38.700.000
Heildarsamtala		72.744.037

Af þeim verkefnum, sem sjóðurinn hefur styrkt eftir að reglugerðinni var breytt, hafa ennþá einungis tvö verkefni verið sýnd í sjónvarpi, þ.e. "Þjóð í hlekkjum hugarfars" og "Svanur".

Erfiðlega hefur reynst að tilnefna fulltrúa annarra útvarpsstöðva en Ríkisútvarpsins í stjórn sjóðsins og hefur útvarpsréttarnefnd þurft að tilnefna fulltrúa þeirra aðila tvisvar af þeim þremur skiptum sem hún hefur verið skipuð. Verður að telja þetta sterka vísbendingu um þann hug sem útvarpsstöðvarnar bera til sjóðsins. Þá hefur orðið vart við megna óánægju með að menntamálaráðherra hafi skipað dagskrárstjóra hjá Sjónvarpinu, þótt í launalausum leyfi hafi verið, sem sinn fulltrúa og þar með um leið formann stjórnar sjóðsins.

Með sama hætti og seta Hrafns í stjórn Kvikmyndasjóðs Íslands, sem vikið verður að hér á eftir, vekur stjórnarseta hans í Menningarsjóði útvarpsstöðva upp spurningar um hvort hún samrýmist þeim hæfisreglum sem stórnáslurætturinn mælir fyrir um. Benda má á að sú grundvallarregla er talin gilda um almennt hæfi nefndarmanna í opinberum nefndum að ekki skuli skipa þann mann í nefnd, sem fyrirsjáanlegt er að verði oft vanhæfur til meðferðar einstakra mála eða gegnir stöðu, sem vegna tengsla við nefndina, veldur sjálfkrafa að hann geti ekki talist hæfur til að fjalla um sömu mál í báðum störfum. Jafnframt má minna á hinar sérstöku hæfisreglur stjórnsýslurættarins sem mæla fyrir um hvenær stjórnsýsluhafi er vanhæfur til að fjalla um mál vegna tengsla sinna við það eða aðila þess. Með reglum þessum er stefnt að því að koma í veg fyrir að traust á stjórnsýslunni rýrni vegna tengsla stjórnsýsluhafanna við þau mál, sem til umfjöllunar eru, eða aðila þess og ekki síður að girða fyrir það að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á afgreiðslu máls.

Hrafn, sem var dagskrárstjóri hjá Sjónvarpinu, þó í launalausum leyfi hafi verið á þeim tíma sem hér um ræðir, gat eins og raun ber vitni sem stjórnarmaður í Menningarsjóði útvarpsstöðva oftast en ekki lent í þeirri aðstöðu að þurfa að fjalla um umsóknir frá starfs- og/eða þáttagerðarfólki Sjónvarpsins. Þegar þetta er haft í huga annars vegar og hins vegar ákvæði laga um Menningarsjóð útvarpsstöðva, virðist ekki fjarri lagi að álykta sem svo að umræddar meginreglur hafi verið sveigðar til hins ýtrasta. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar um vanhæfi í kaflanum um Kvikmyndasjóð Íslands.

Niðurstöður

Hrafn Gunnlaugsson eða F.I.L.M. hafa aldrei fengið styrk úr Menningarsjóði útvarpsstöðva. Hrafn hefur hins vegar verið formaður stjórnar sjóðsins allan þann tíma sem heimilt hefur verið að styrkja sjálfstætt starfandi dagskrárgerðarmönnum til framleiðslu sjónvarpsmynda. Þannig hefur hann tekið þátt í að veita styrki starfandi kvikmyndagerðarmönnum og dagskrárgerðarmönnum, sem sumir hverjir höfðu starfað við Sjónvarpið á þeim tíma sem hann var dagskrárstjóri.

Telja verður það óheppilegt að skipa dagskrárstjóra Sjónvarpsins, jafnvel þótt hann hafi verið í launalausum leyfi, sem fulltrúa menntamálaráðherra í stjórn sjóðsins og um leið formann. Við það jókst tortryggni í garð sjóðstjórnarinnar vegna aukinnar hættu

á að taumur Ríkisútvarpsins kynni að verða dreginn meira en góðu hófi gegndi við afgreiðslu mála.

Enn hefur ekki reynt á eftirlit með styrkjum sem veittir hafa verið sjálfstætt starfandi dagskrárgerðarmönnum enda er einungis tveimur verkum lokið og hafa bæði verið sýnd í sjónvarpi. Stjórn sjóðsins hefur ekki mótað neinar starfsreglur um þennan þátt í starfseminni eftir að reglugerðinni var breytt og er brýnt að á því verði ráðin bót.

5 Norræni sjónvarpssjóðurinn

Hrafn Gunnlaugsson hefur einungis tengst sjóðnum með óbeinum hætti, þ.e. með starfi sínu hjá Sjónvarpinu. Hann hafði verið fulltrúi Sjónvarpsins á ýmsum fundum norrænu ríkissjónvarpsstöðvanna. Þá var hann handritshöfundur og leikstjóri þáttaraðar sem framleidd var með styrk úr sjóðnum.

Þann 1. júlí 1987 tók gildi samningur um stofnun sjóðs fimm norrænna ríkissjónvarpsstöðva, Nordisk TV-samarbetsfond, NTVF. Í samningnum eru einnig starfsreglur sjóðsins. Tekjur sjóðsins eru andvirði selds norræns sjónvarpsefnis til kapalsjónvarpsstöðva í öðrum löndum. Svíar hafa lagt langmest fram í sjóðinn, síðan Norðmenn og Finnar, þá Danir en Íslendingar hafa ekkert lagt fram. Markmið með sjóðnum er að auka menningarsamstarf á Norðurlöndum með því að auka framleiðslu og dreifingu á norrænu sjónvarpsefni og styrkja þannig kvikmynda- og sjónvarpsmyndagerð. Þá skulu a.m.k. tvær stöðvanna standa saman að gerð myndar til að hún teljist styrkhæf. Í stjórn sjóðsins er einn fulltrúi hvers sjónvarpsstöðvar og annar til vara. Fundur stjórnar er ákvörðunarþær þegar fjórir fulltrúar eru þar mættir, en þeim sem er fjarverandi skal hafa verið gefinn kostur á að tjá sig um mál þau sem fyrir á að taka á fundinum. Stjórnin kemur saman þegar þörf er talin á því en eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á að veittir styrkir séu notaðir til þeirra verka sem þeir voru ætlaðir. Sjóðurinn greiðir sjálfur út veitta styrki. Skrifstofa Nordvisionar - Samtaka norrænna ríkissjónvarpsstöðva annast alla fagvinnu við mat á umsóknum. Sjóðurinn tók til starfa 1. júlí 1987 og var reynslutími ákveðinn til júníloka 1991 en framlengjast um tvö ár ef samningnum væri ekki sagt upp með árs fyrirvara. Starfstíma sjóðsins lýkur því í lok júní 1993 nema ákveðið verði að halda starfi hans áfram.

Samningur þessi kom til viðbótar hinu óformlegra samstarfi norrænu ríkissjónvarpsstöðvanna við framleiðslu á sjónvarpsefni. Slíkt samstarf hafði þó lengi varað, en um verkefni hafði verið samið sérstaklega í hverju tilviki.

Í janúar 1987 var haldinn leiklistarstjórafundur norrænu ríkissjónvarpsstöðvanna og sótti Hrafn Gunnlaugsson þann fund af sjónvarpsins hálfu. Á fundinum kom fram hugmynd um sameiginlega sjónvarpsþáttaröð sem síðar hlaut nafnið "Hvíti víkingurinn". Af gögnum frá sjóðnum má ætla að Hrafn hafi átt hugmyndina að þáttaröðinni. Hins vegar fullyrðir Hrafn að hugmyndin hafi komið frá fulltrúum sænska sjónvarpsins. Ákveðið var að veita nokkurri fjárhæð til að vinna frekar úr hugmyndinni.

Í janúar árið eftir lagði fulltrúi sænska sjónvarpsins til að veittur yrði frekari fjárstyrkur til undirbúnings og gerðar kostnaðaráætlunar um framleiðslu verkefninsins og var styrkur veittur úr sjóðnum. Það var svo í ársbyrjun 1991 að sjóðurinn samdi við norskan aðila, Filmeffekt A/S, um að framleiða þættina. Fulltrúi sænsku stöðvarinnar í stjórn sjóðsins lagði til að Hrafn leikstýrði þáttunum og var það samþykkt. Hrafn fékk launalaust leyfi frá starfi sínu til að leikstýra þáttunum og var hann ráðinn til þess starfa af framleiðanda þáttanna, Filmeffekt A/S í Noregi. Fjármál

verkefnisins voru á vegum sjóðsins. Norðmaður var fenginn til að hafa umsjón með að sjónvarpsmyndagerðin gengi fyrir sig eins til var ætlast. Aðal fjármögnunaraðilinn var Norræni sjónvarpssjóðurinn en norrænu ríkissjónvarpsstöðvarnar lögðu einnig til fé til verksins auk einkaaðila, aðallega Filmeffekt A/S. Félagið eignaðist jafnframt rétt til að markaðssetja sjónvarpsmyndirnar utan Norðurlandanna auk kvikmyndar sem það mátti vinna upp úr sjónvarpsþáttunum.

Nokkrar aðrar íslenskar sjónvarpsmyndir hafa verið kostaðar af sjóðnum. Þar má nefna mynd Lárusar Ýmis Óskarssonar "Svanur" sem var framlag í verkefninu "Fem nordiska noveller" þar sem hver stöð lagði til eitt verkefni hver. Sú mynd hefur nú verið sýnd í Sjónvarpinu. Þá hefur verið ákveðið að framleiða myndina "Sigla himinfley" og hefur Þráinn Bertelsson verið ráðinn sem verktaki til að framleiða hana en hún verður gerð sem fjórir sjónvarpsþættir. Ennfremur bíða handrit að öðrum myndum afgreiðslu sjóðsins.

Áður hafði Hrafn ásamt Finnum Hannu Heikinheimo verið framleiðandi myndarinnar "Vikivaki" sem gerð var eftir samnefndri sögu Gunnars Gunnarssonar, en þar var Hannu leikstjóri en tónlist eftir Atla Heimi Sveinsson og Thor Vilhjálmsson samdi söngtexta. Þá mynd greiddu sjónvarpsstöðvarnar að jöfnu. Þessi mynd var gerð áður en sjóðurinn var stofnaður.

Niðurstöður

Hrafn Gunnlaugsson eða F.I.L.M. hafa ekki fengið styrk úr þessum sjóði. Hann leikstýrði hins vegar stóru verkefni, "Hvíta víkingnum", sem var aðallega kostað af sjóðnum og norrænu ríkissjónvarpsstöðvunum. Hrafn tók engan beinan fjárhagslegan þátt í gerð þessarar myndar og sýnist samband hans við framleiðendur hennar hafa verið hefðbundið launasamband sem byggði á starfssamningi um tiltekið verk. Aðrir íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa á hinn bóginn notið styrkja úr sjóðnum.

6 Kvikmyndasjóður

Allt frá stofnun Kvikmyndasjóðs hefur Hrafn Gunnlaugsson sjálfur eða fyrirtæki sem hann tengist, fengið umtalsverða styrki frá sjóðnum til framleiðslu og dreifingar á kvikmyndum. Þá hefur Hrafn átt sæti í stjórn Kvikmyndasjóðs frá árinu 1984. Áður en vikið er nánar að viðskiptum Hrafns við sjóðinn er rétt að gera nokkra grein fyrir hlutverki og starfsemi Kvikmyndasjóðs.

Almennt um Kvikmyndasjóð

Kvikmyndasjóður var stofnaður árið 1978 í því skyni að styrkja íslenska kvikmyndagerð með beinum fjárframlögum eða lánum til kvikmyndagerðarmanna. Ríkissjóður greiddi stofnframlag í sjóðinn og síðan árlegt framlag eftir því sem ákveðið var í fjárlögum. Yfir sjóðnum var þriggja manna stjórn sem menntamálaráðherra skipaði, formaður sem jafnframt var stjórnarformaður Kvikmyndasafns Íslands og tveir stjórnarmenn tilnefndir af Félagi íslenskra kvikmyndagerðarmanna og Fræðslumyndasafni ríkisins. Ný lög voru síðan sett um sjóðinn árið 1984 (lög nr. 94/1984) og segir þar að Kvikmyndasjóður starfi undir sérstakri stjórn og fari menntamálaráðuneytið með yfirstjórn hans. Verkefni sjóðsins eru eftirtalin:

1. Úthluta styrkjum og lána til íslenskrar kvikmyndagerðar, óháð því hvaða tækni er notuð við myndgerðina. Með íslenskri kvikmyndagerða er átt við verkefni þar sem íslenskir aðilar hafa forræði.
2. Aðgerðir til að efla kvikmyndamenningu á Íslandi.
3. Öflun og útgáfa upplýsinga um íslenskar kvikmyndir.
4. Kynning á íslenskum kvikmyndum erlendis í samvinnu við íslenskra kvikmyndaframleiðendur á kvikmyndahátíðum og öðrum vettvangi.
5. Rekstur Kvikmyndasafns Íslands.

Tekjur Kvikmyndasjóðs eru árlegt framlag ríkissjóðs sem nemur áætluðum virðisaukaskatti af kvikmyndasýningum í landinu, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem til kunna að falla. Með lánsfjárlögum hefur framlag til sjóðsins þó iðulega verið skert. Sjóðurinn veitir styrki bæði til að gera leiknar kvikmyndir og heimildarmyndir. Styrkir eru ýmist veittir til handritagerðar, undirbúnings eða framleiðslu. Auk styrkja er sjóðnum heimilt að veita lán og hefur það verið gert í nokkur skipti. Slíkum lánum hefur síðan oftast verið breytt í styrki. Þá veitir sjóðurinn einnig smærri styrki, aðallega til kynningar og dreifingar á kvikmyndum.

Menntamálaráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til þriggja ára í senn. Formaður er skipaður án tilnefningar, en aðrir skv. tilnefningum Félags kvikmyndagerðarmanna, Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Félags kvikmyndahúsaeygenda og Bandalags íslenskra listamanna. Þegar fjallað er um málefni Kvikmyndasafns taka auk þess stjórnarmenn tilnefndir af Þjóðminjasafni Íslands og Námsgagnastofnun þátt í stjórnarstörfum. Eftirtaldir aðilar hafa átt sæti í stjórn Kvikmyndasjóðs:

- 1979-1981 Knútur Hallsson (form.)
Hinrik Bjarnason (Félag kvikmyndagerðarmanna)
Stefán Júlíusson (Fræðslumyndasafn ríkisins)
- 1982 Knútur Hallsson (form.)
Ólafur Ragnarsson (Félag kvikmyndagerðarmanna)
Stefán Júlíusson (Fræðslumyndasafn ríkisins)
- 1983-1984 Knútur Hallsson (form.)
Hinrik Bjarnason (Félag kvikmyndagerðarmanna)
Helgi Jónasson (Fræðslumyndasafn ríkisins)
- 1984-1987 Knútur Hallsson (form.)
Kristín Jóhannesdóttir (Bandalag íslenskra listamanna)
Sigurður Sverrir Pálsson (Félag kvikmyndagerðarmanna)
Sigurður Guðmundsson (Félag kvikmyndahúsaeigenda)
Hrafn Gunnlaugsson (Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda)
- 1987-1990 Knútur Hallsson (form.)
Kristín Jóhannesdóttir (Bandalag íslenskra listamanna)
Sigurður Sverrir Pálsson (Félag kvikmyndagerðarmanna)
Friðbert Pálsson (Félag kvikmyndahúsaeigenda)
Hrafn Gunnlaugsson (Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda)
- 1990-1993 Ragnar Arnalds (form.)
Edda Þórarinsdóttir (Bandalag íslenskra listamanna)
Lárus Ýmir Óskarsson (Félag kvikmyndagerðarmanna)
Friðbert Pálsson (Félag kvikmyndahúsaeigenda)
Hrafn Gunnlaugsson (Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda)

Ráðherra ræður framkvæmdastjóra sjóðsins að fengnum tillögum sjóðstjórnar. Annað starfsfólk ræður framkvæmdastjóri í samráði við stjórnina. Ráðherra hefur sett framkvæmdastjóra erindisbréf þar sem verksvið hans er skilgreint. Í erindisbréfi núverandi framkvæmdastjóra segir að framkvæmdastjóri beri ábyrgð á daglegum rekstri Kvikmyndasjóðs og Kvikmyndasafns í umboði stjórnar. Hann hafi yfirumsjón með skrifstofuhaldi, sé prókúruhafi og áriti reikninga og greiðslubeiðnir. Í erindisbréfinu kemur fram að á meðan framkvæmdastjóri gegnir starfi sínu hjá sjóðnum skuli hann ekki gegna trúnaðarstörfum fyrir fagfélög kvikmyndagerðarmanna. Hann skuli heldur ekki eiga beina eða óbeina aðild að umsóknum um fyrirgreiðslu úr Kvikmyndasjóði. Þá skal hann ekki gegna öðrum föstum störfum og heldur ekki taka að sér aukastörf eða einstök verkefni á sviði kvikmyndagerðar eða fjölmiðlunar nema með samþykki stjórnar. Framkvæmdastjóri var fyrst ráðinn til sjóðsins í ársbyrjun 1986 og hafa eftirtaldir aðilar gengt því starfi síðan:

Guðbrandur Gíslason	janúar 1986 - maí 1990
Þorsteinn Jónsson	júní 1990 - maí 1992
Bryndís Schram	júní 1992 -

Til að byrja með úthlutaði stjórn sjóðsins sjálf styrkjum, en samkvæmt nágildandi lögum er það verkefni falið þriggja manna nefnd sem kosin er af stjórn sjóðsins til eins árs í senn. Í lögnum er tekið fram að nefndarmenn í úthlutunarnefnd megi ekki eiga hagsmuna að gæta við úthlutunina. Eftirtaldir aðilar hafa átt sæti í úthlutunarnefnd:

1985	Friðbert Pálsson, Jón Þórarinnsson, Sveinn Einarsson
1986	Jón Þórarinnsson, Knútur Hallsson, Sveinn Einarsson
1987	Birgir Sigurðsson, Friðbert Pálsson, Knútur Hallsson,
1988	Birgir Sigurðsson, Knútur Hallsson, Þorvarður Helgason
1989	Birgir Sigurðsson, Knútur Hallsson, Þorvarður Helgason (Í sérstakri dómnefnd vegna handritasamkeppni fyrir barna- og unglíngamyndir áttu sæti Guðrún Helgadóttir, Hlín Agnarsdóttir og Ari Kristinsson)
1990	Helgi Skúlason, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Sigurður Valgeirsson (Í sérstakri dómnefnd vegna norræns verkefnis áttu sæti Árni Þórarinnsson, Friðrik Rafnsson og Signý Pálsdóttir)
1991	Róbert Arnfinnsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Sigurður Valgeirsson
1992	Laufey Guðjónsdóttir, Róbert Arnfinnsson, Sigurður Valgeirsson
1993	Árni Þórarinnsson, Kristbjörg Kjeld, Laufey Guðjónsdóttir (Í sérstakri dómnefnd vegna norræns verkefnis áttu sæti sömu aðilar og sátu í úthlutunarnefnd).

Lög um sjóðinn gera ráð fyrir að menntamálaráðherra setji reglugerð um kosningu og starfssvið manna í úthlutunarnefnd að fengnum tillögum stjórnar. Reglugerð hefur þó aldrei verið sett, en hinsvegar hafa orðið til hjá sjóðnum ákveðnar reglur og venjur um úthlutanir styrkja. Fram til ársins 1986 giltu engar skriflegar reglur í þessu efni heldur var farið eftir venjum sem skapast höfðu. Í febrúar 1986 samþykkti stjórn sjóðsins skriflegar reglur um úthlutanir sem tóku gildi frá þeim tíma. Í október 1988 voru síðan settar nýjar reglur sem voru að mestu samhljóða þeim fyrri. Stjórnin setti enn nýjar reglur í nóvember 1989 og voru þar gerðar nokkra breytingar á eldri reglum, t.d. var fellt niður ákvæði um að framkvæmdastjóri skyldi sitja fundi úthlutunarnefndar en þess í stað kveðið á um að stjórn sjóðsins væri heimilt í samráði við úthlutunarnefnd að ráða sérstakan starfsmann tímabundið nefndinni til aðstoðar. Reglum var síðan ekki breytt fyrr en nýjar og að sumu leyti ítarlegri starfsreglur voru settar um úthlutun styrkja árið 1993. Reglur sjóðsins hafa verið útfærðar nánar á umsóknareyðublöðum, í yfirlýsingu sem styrkþegar undirrita og í skriflegum samningum við styrkþega.

Til að varpa ljósi á umfang Kvikmyndasjóðs er tilhlýðilegt að birta hér yfirlit sem sýnir hver framlög ríkissjóðs til sjóðsins hafa verið frá upphafi:

Ár	Styrkir (þús. kr.)	Á verðlagi í maí 1993	Ár	Styrkir (þús. kr.)	Á verðlagi í maí 1993
1979	300	9.807	1987	56.253	112.187
1980	1.104	22.764	1988	62.965	100.106
1981	1.262	17.254	1989	70.827	92.964
1982	1.500	13.575	1990	75.144	85.886
1983	7.593	37.290	1991	103.445	110.701

1984	6.500	24.713	1992	94.383	96.769
1985	23.789	68.332	1993	111.000	112.303
1986	26.946	63.824			
				Samtals	968.475

Viðskipti Hrafns Gunnlaugssonar við Kvikmyndasjóð

Hér á eftir verður fjallað um fjárhagsleg viðskipti Hrafns Gunnlaugssonar við Kvikmyndasjóð. Það skal tekið fram að Ríkisendurskoðun er að sjálfsögðu ekki í aðstöðu til að meta efnislegar forsendur fyrir styrkveitingum til Hrafns, þ.e. hvort fremur hefði átt að styrkja aðra umsækjendur en hann.

Fjöldi og fjárhæð styrkja til Hrafns Gunnlaugssonar í samanburði við aðra

Frá því Kvikmyndasjóður var stofnaður hefur Hrafn Gunnlaugsson eða fyrirtæki honum tengd, fengið eftirtalda styrki úr sjóðnum.

Styrkir til kvikmyndagerðar:

<i>Dags. úthlutunar</i>	<i>Heiti verkefnis</i>	<i>Fjárhæð (kr.)</i>	<i>Á verðlagi í maí 1993</i>
29.03.1979	Óðal feðranna	50.000	1.623.772
02.05.1980	Óðal feðranna	50.000	1.024.164
18.12.1980	Gerpla (=Hrafninn flýgur)	50.000	1.024.164
18.05.1981	Hiti og þungi dagsins (=Okkar á milli)	50.000	679.129
18.05.1981	Hiti og þungi dagsins (=Okkar á milli)	80.000	1.086.606
02.04.1982	Okkar á milli	50.000	449.674
02.04.1982	Okkar á milli	200.000	1.798.694
05.04.1983	Einu sinni var ... (=Hrafninn flýgur)	850.000	4.149.587
30.04.1984	Hrafninn flýgur	200.000	755.830
01.04.1985	Hrafninn flýgur	2.500.000	7.137.306
01.04.1985	Tristan og Isold (=Í skugga hrafnsins)	550.000	1.570.207
16.04.1986	Tristan og Isold (=Í skugga hrafnsins)	2.000.000	4.708.060
02.02.1987	Tristan og Isold (=Í skugga hrafnsins)	15.000.000	29.730.216
27.01.1988	Í skugga hrafnsins	4.000.000	6.945.378
15.02.1990	Píslarsagan	4.500.000	5.256.890
15.01.1992	Hin helgu vé	21.000.000	21.668.539
		Samtals	51.130.000
			89.608.216

Ýmsir smærri styrkir:

<i>Ár</i>	<i>Verkefni</i>	<i>Fjárhæð (kr.)</i>	<i>Á verðlagi í maí 1993</i>
1983	Kvikmyndahátíð í Hanaholm, Finnlandi	15.000	73.228
1983	Okkar á milli, sendingarkostnaður til Hanaholm, Finnlandi	2.065	10.081
1983	Okkar á milli, sýningareintak v/keppni um Óskarsverðlaunin	20.000	97.637
1984	Hrafninn flýgur, ferðastyrkur v/Hrafns Gunnlaugssonar	30.000	113.374
1984	Hrafninn flýgur, ferðastyrkur v/Helga Skúlasonar	30.000	113.374

1984	Okkar á milli, textun og sending á Óskarsverðlaunahátíð	20.000	75.583
1984	Hrafninn flýgur, kópiu og sendingarkostnaður v/Óskarsverðlaunahátíðar 1985	130.000	491.289
1984	Okkar á milli, afskrifað lán	50.000	188.957
1984	Okkar á milli, afskrifað lán	50.000	188.957
1986	Greitt fyrir sýningarrétt á kvikmynd í Nuuk, Grænlandi	5.000	11.770
1988	Dreifingarstyrkur	170.748	269.834
1989	Ferðastyrkur	66.289	86.484
1989	Til námskeiðs í kvikmyndagerð*)	800.000	1.043.725
1991	Ferðastyrkur	60.000	63.822
	Samtals	1.449.102	2.828.115

*) Styrkur til Hrafns og fjögurra annarra aðila, sem greiddur var til F.I.L.M. hf.

Til að varpa frekara ljósi á viðskipti Hrafns við Kvikmyndasjóð er rétt að skoða þau með hliðsjón af styrkjum sjóðsins til annarra kvikmyndagerðarmanna á sama tíma. Hrafn hefur fengið úthlutað styrkjum til stærri verkefna á hverju ári frá því að úthlutanir úr sjóðinum hófust árið 1979, að undanskildum þremur árum, 1989, 1991 og 1993. Neðangreint yfirlit sýnir hlutfall styrkja til þeirra tíu aðila sem mesta styrki hafa fengið:

<i>Röð</i>	<i>Styrkþegi</i>	<i>Fjöldi styrktra verkefna</i>	<i>Á verðlagi í maí 1993 (m.kr)</i>	<i>Hlutfall af heild (%)</i>
1.	Hrafn Gunnlaugsson	6	91,5	11,4
2.	Friðrik Þór Friðriksson	5	76,6	9,5
3.	Guðný Halldórsdóttir	4	64,8	8,0
4.	Þráinn Bertelsson	7	59,5	7,4
5.	Þorsteinn Jónsson	6	40,6	5,0
6.	Hilmar Oddsson	4	42,8	5,3
7.	Ágúst Guðmundsson	7	36,0	4,5
8.	Kristín Jóhannesdóttir	2	31,8	4,0
9.	Lárus Ýmir Óskarsson	6	30,9	3,8
10.	Jón Hermannsson		25,8	3,2
	Samtals		500,3	62,1

Samtals hafa Hrafn verið úthlutaðar 91,5 m.kr. að núvirði eða sem svarar til um 11,4% af heildarúthlutunum úr sjóðinum á tímabilinu öllu. Hafa ber í huga að styrkveitingar til hinna ýmsu kvikmyndagerðarmanna spanna mjög mislangt tímabil. Styrkveitingar til Hrafns og Ágústs Guðmundssonar dreifast þannig á lengri tíma en annarra. Þá er mjög mismunandi hvað hver aðili hefur gert margar myndir.

Einnig er rétt að greina frá hvaða verkefni hafa fengið hæstu styrkina. Yfirlitið hér að neðan sýnir þau tíu verkefni sem hæsta styrki hafa fengið:

<i>Röð</i>	<i>Heiti myndar</i>	<i>Leikstjóri</i>	<i>Framleiðsluár</i>	<i>Á verðlagi í maí 1993 (m.kr)</i>
1.	Í skugga hrafnsins	Hrafn Gunnlaugsson	1988	42,3
2.	Magnús	Þráinn Bertelsson	1989	34,9

3.	Vita et Mors	Hilmar Oddsson	ólókið	30,9
4.	Ryð	Lárus Ýmir Óskrasson	1990	28,3
5.	Bíó dagar	Friðrik Þór Friðriksson	ólókið	26,0
6.	Kristnihald undir jökli	Guðný Halldórsdóttir	1989	25,5
7.	Foxtrott	Jón Tryggvason/Karl Óskarsson	1988	24,6
8.	Hin rámu regindjúp*)	Jón Hermannsson	1989	24,3
9.	Karлакórin Hekla	Guðný Halldórsdóttir	1992	22,2
10.	Svo á jörðu sem á himnum	Kristín Jóhannesdóttir	1992	18,3
			Samtals	277,3

*) Heimildamynda flokkur

Kvikmynd Hrafns "Í skugga hrafnsins", er sú mynd sem hæsta styrki hefur fengið eða um fimmtungi meira en sú sem næst kemur. Hrafn á hinsvegar ekki fleiri myndir á meðal þeirra tíu sem hæsta styrki fengu. Guðný Halldórsdóttir er sú eina sem á fleiri en eina mynd á meðal tíu efstu myndanna. Þegar á heildina er litið hafa hæstu styrkir úr sjóðnum dreifst á nokkuð marga aðila. Þá ber að hafa í huga að framleiðslukostnaður myndanna var mjög misjafn og því eru styrkir sem hlutfall af kostnaði á sama hátt mismunandi. Þetta atriði hefur þó ekki verið skoðað sérstaklega.

Niðurstaða

Þrátt fyrir að Hrafn Gunnlaugsson sé sá aðili sem fengið hefur hæstan samanlagðan styrk úr Kvikmyndasjóði frá upphafi og að kvikmynd sem Hrafn gerði sé einnig sú mynd sem fengið hefur hæstan styrk úr sjóðnum, verður ekki með réttu sagt þegar á heildina er litið að Hrafn skeri sig sérstaklega frá öðrum styrkþegum hvað fjárhæð styrkja varðar. Reyndar er lítið sambandi á milli heildarfjárhæðar styrkja og fjölda þeirra mynda sem hver kvikmyndagerðarmaður hefur gert eða þess tíma sem viðkomandi hefur starfað í greininni. Þó sýnist mega staðhæfa að umfang styrkveitinga til Hrafns er ekki óeðlilegt í ljósi þess fjölda mynda sem hann hefur gert og þess hve lengi hann hefur starfað að kvikmyndagerð. Þá vegur þungt að ein mynda hans, "Í skugga hrafnsins", er sú mynd sem fengið hefur hæstan styrk úr sjóðnum. Til hennar var úthlutað hæsta styrknum árið 1987, tæpum 30 m.kr. á núvirði. Til samanburðar fékk sú mynd sem úthlutað var næsthæsta styrknum það ár um 20 m.kr. Við úthlutunina 1987 átti sér stað stefnubreyting sem fólst í að úthluta einni mynd hæsta styrknum, en við fyrri úthlutanir höfðu yfirleitt tvær myndir fengið hæstu styrkina og þeir þá að sama skapi verið lægri. Þessi venja hélst síðan til ársins 1991 þegar tveimur myndum er aftur úthlutað sem næst jafnháum hæsta styrk. Árið 1990 fékk t.d. Friðrik Þór Friðriksson úthlutað nærri því jafnháum styrk til "Barna náttúrunnar" og Hrafn hafði fengið þremur árum áður. Það þarf því ekki að orka tvímælis að mynd Hrafns skyldi verða fyrst til þess að fá háan styrk í ljósi þess hvaða árangri Hrafn náði við dreifingu á þeirri mynd sem hann hafði gert á undan og þeirrar reynslu sem hann bjó yfir sem kvikmyndagerðarmaður.

Hagsmunaárekstrar við veitingu styrkja

Lög um kvikmyndamál geyma ekki ítarleg ákvæði um hæfi stjórnarmanna Kvikmyndasjóðs, nefndarmanna í úthlutunarnefnd eða starfsfólks til þess að fjalla um

erindi, svo sem styrkumsóknir o.þ.h., sem sjóðnum berast. Í 6. gr. þeirra er kveðið á um skipan úthlutunarnefndar Kvikmyndasjóðs. Greinin hljóðar svo:

"Úthlutun úr Kvikmyndasjóði annast þriggja manna nefnd, kosin af stjórn sjóðsins og mega nefndarmenn ekki eiga hagsmuna að gæta við úthlutunina. Nefndarmenn skulu kosnir árlega og nánari reglur settar um kosningu þeirra og starfsvið í reglugerð"

Öðrum beinum lagafyrirmælum um úthlutun fjár úr Kvikmyndasjóði eða um nefnd þá sem það verkefni hefur með höndum er ekki til að dreifa. Þá hefur reglugerð sú, sem setja skal um kosningu nefndarmanna og starfsvið, ekki verið sett. Á hinn bóginn má í starfsreglum um úthlutanir úr Kvikmyndasjóði finna efnislega samhljóða ákvæði og 6. gr. laganna geymir. Þessar reglur hafa þó hvorki verið staðfestar né birtar. Þá er þess að geta að í erindisbréfi framkvæmdastjóra sjóðsins, sem menntamálaráðherra setur, er tekið fram að á meðan framkvæmdastjóri gegni starfi sínu hjá sjóðnum skuli hann ekki gegna trúnaðarstörfum fyrir fagfélög kvikmyndagerðarmanna og skal hann ekki eiga beina eða óbeina aðild að umsóknum um fyrirgreiðslu úr Kvikmyndasjóði.

Þegar til þess er litið hvernig skipan sjóðstjórnar Kvikmyndasjóðs er háttað og þess hve fáir kvikmyndagerðarmenn eru hérlendis blasir hættan á hagsmunaárekstrum við. Í ljósi þessa er bagalegt að ekki sé að finna í lögum um Kvikmyndasjóð ítarlegri ákvæði en raun ber vitni um hæfi stjórnarmanna, nefndarmanna í úthlutunarnefndinni eða starfsfólks, til þess að fjalla um erindi og beiðnir um fyrirgreiðslu sjóðsins.

Þar sem hæfisreglum sérlaga sleppir, sé um þær að ræða á annað borð, taka við almennar hæfisreglur stjórnarsýsluréttarins. Til þessa hefur í skráðum lögum ekki verið að finna almennar reglur um hæfi þeirra, sem hafa á hendi stjórnarsýslu, til að fjalla um einstök mál, sem þeir fá til úrlausnar. Nú hefur verði ráðin bót hér á því að hinn 1. janúar n.k. ganga í gildi stjórnarsýslulög nr. 37/1993. Þar eru í reynd lögfestar allar þær meginreglur sem telja verður líklegt að gilt hafi í þessum efnunum hér á landi þó ólögfestar væru. Því hljóta hin nýju lög að vera mjög leiðbeinandi um þær reglur og sjónarmið sem telja verður að gilt hafi í þessum efnunum, þó svo að þeim sem slíkum verði ekki beitt um önnur mál en þau sem koma til meðferðar hjá stjórnvöldum eftir gildistöku þeirra. Af þessu sökum þykir tilhlýða að gera í mjög stórum dráttum grein fyrir þeim kafla laganna er fjallar um sérstakt hæfi. Að öðru leyti vísast í þessum efnunum til mjög greinargóðs álits Lagstofnunar Íslands til Kvikmyndasjóðs er síðar verður vikið að en álit þetta fylgir skýrslu þessari sem fylgiskjal.

II. kafli nefndra laga nr. 37/1993 fjallar um sérstakt hæfi. Í 3. gr. er fjallað um vanhæfi til meðferðar máls í stjórnarsýslunni. Í greininni er m.a. lögfest að það leiði sjálfkrafa til vanhæfis ef starfsmaður eða nefndarmaður er sjálfur aðili máls, fyrirvarmaður eða umboðsmaður aðila, er eða hefur verið í nánnum fjölskyldutengslum við aðila máls, tekið þátt í meðferð máls á lægra stjórnarsýslustigi eða ef mál varðar hann sjálfan veruleg, nána venslamenn hans, næstu yfirmenn eða stofnun eða fyrirtæki sem hann er í fyrirsvari fyrir. Þar sem ómögulegt er að tilgreina á tæmandi hátt allar vanhæfisástæður með hlutlægum hæfisreglum er í 6. tölul. 3. gr. lögfest að starfsmaður eða nefndarmaður sé vanhæfur til meðferðar máls ef að öðru leyti en greint er í 1. til 5. tölul. eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu. Hér er í raun rétttri um grunnreglu um sérstakt

hæfi að ræða og byggir hún á mati á aðstæðum í hverju tilviki. Í greinargerð með frumvarpi að stjórnslulögunum er regla þessi skýrð með eftirgreindum hætti:

"Svo starfsmaður teljist vanhæfur á grundvelli hinnar matskenndu hæfisreglu 6. tölul. verður hann að hafa einstaklega hagsmuni af úrlausn málsins, svo sem ágóða tap eða óhagræði. Hér koma einnig til skoðunar hagsmunir venslamanna og annarra þeirra sem eru í svo nánnum tengslum við starfsmanninn að almennt verður að telja hættu á að þau geti haft áhrif á hann. Þá verður eðli og vægi hagsmunanna að vera þess háttar að almennt verði talin hættu á að ómálefnaleg sjónarmið geti haft áhrif á ákvörðun málsins. Af framansögðu má því ljóst vera að meðal þess sem meta verður hverju sinni miðað við allar aðstæður er hvort hagsmunirnir eru einstaklegir, hversu verulegir þeir eru og hversu náð þeir tengjast starfsmanninum og úrlausnarefni málsins."

Eins og áður segir má ætla að í réttarframkvæmd verið gengið út frá því að mjög svipaðar eða sambærilegar almennar grunnreglur og að ofan getur, þó óskráðar væru, giltu um sérstakt hæfi við stjórnslustörf. Við úrlausn þeirra spurninga um vanhæfi stjórnarmanna, sem vaknað hafa í þessu máli, einkum á vettvangi Kvikmyndasjóðs Íslands, er því eðlilegt að leggja ofangreindar meginreglur og sjónarmið til grundvallar enda þótt viðurkenna megi að nokkur réttaróvissa hafi ríki á þessu sviði og vanhæfisreglum almennt séð slælega framfylgt. Í þessu sambandi er rétt og skylt að geta þess að í lok síðasta árs fór framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs þess á leit við Lagastofnun Háskóla Íslands að stofnunin léti í ljós álit á reglum þeim sem gilda um skipan og hæfi úthlutarnefndar skv. 6. gr. laganna um Kvikmyndasjóð. Eins og áður segir er álit stofnunarinnar birt sem fylgiskjal með skýrslu þessari.

Það hefur sætt gagnrýni í stjórn Kvikmyndasjóðs, að þeir aðilar sem sitja í stjórninni eða starfa hjá sjóðnum, ættu aðild að umsóknum um styrki. Mál þetta kom til umræðu á fundi stjórnar í ársbyrjun 1992 þegar Hrafn Gunnlaugsson dró í efa að framkvæmdastjóri sjóðsins hefði rétt til að eiga aðild að styrkumsókn. Tveir stjórnarmenn, Edda Þórarinsdóttir og Lárus Ýmir Óskarsson, töldu að sama gildi um stjórnarmenn þar sem þeir tilnefndu fólk til starfa í úthlutunarnefnd. Bæði Lárus Ýmir og varamaður hans í stjórninni, Sigurður Sverrir Pálsson, töldu sig í framhaldi af þessu vanhæfa til að taka þátt í vali á síðustu úthlutunarnefnd, þar sem þeir hyggðust sækja um styrki hjá sjóðnum. Að tillögu Félags kvikmyndagerðarmanna skipaði menntamálaráðuneytið því nýjan fulltrúa samkvæmt tilnefningu félagsins til setu á fundinum. Ragnar Arnalds taldi sig einnig vanhæfan af sömu ástæðu og tók því varamaður hans sæti á fundinum þegar nefndin var valin. Enginn stjórnarmanna sá hinsvegar ástæðu til að víkja þegar sérstök dómnefnd vegna norræns verkefnis var kosin. Það hefur hinsvegar almennt tíðkast að stjórnarmenn Kvikmyndasjóðs vikju af fundum eða greiddu ekki atkvæði þegar mál þeim tengd hafa verið til umræðu í stjórninni. Þannig vék Lárus Ýmir Óskarsson af fundi þegar fjallað var um lán sem sjóðurinn hafði veitt honum og sat síðan hjá við atkvæðagreiðslu þegar ákveðið var að breyta umræddum lánum í styrki að tillögu úthlutunarnefndar. Sama máli hefur gegnt um Hrafn Gunnlaugsson t.d. í sambandi við afgreiðslu á smærri styrkjum sem stjórnin hefur veitt honum. Þá mun Þorsteinn Jónsson hafa dregið til baka umsókn sína um styrk fyrra árið sem hann var framkvæmdastjóri sjóðsins, en sótt síðan aftur um styrk

árið 1992 þó hann væri þá enn starfsmaður sjóðsins. Þeirri umsókn var hinsvegar hafnað.

Hætta á hagsmunaárekstum er einnig fyrir hendi í þeim tilvikum þegar um er að ræða að umsækjendur um styrki eru í aðstöðu til að beina viðskiptum til aðila í úthlutunarnefnd eða nefndarmenn eigi að öðru leyti fjárhagslegra hagsmuna að gæta við úthlutanir. Sem dæmi um hættu af þessu tagi og tortryggni sem skapast getur af þeim sökum, má nefna að í úthlutunarnefnd hafa setið menn er þegið hafa dagskrárgreiðslur frá Sjónvarpinu á starfstíma Hrafns sem dagskrárstjóra. Þá hafa átt sæti í úthlutunarnefnd menn sem leikið hafa í kvikmyndum hinna ýmsu styrkþega sjóðsins. Það skal undirstrikað að með þessu er ekki verið að gefa í skyn að umrædd tengsl hafi haft áhrif á styrkveitingar, heldur hinu að þau að valda tortryggni sem hæfisreglum stjórnsýsluréttarins er ætlað að fyrirbyggja.

Niðurstaða

Mjög mikilvægt er að fullt traust sé borið til þeirra, sem sjá um úthlutanir á opinberu fé svo sem raunin er í Kvikmyndasjóði Íslands. Eðli málsins samkvæmt byggja ákvarðanir um úthlutanir úr Kvikmyndasjóði á mjög huglægum forsendum. Með hliðsjón af því og þeirri staðreynd að úthlutunarreglur sjóðsins eru um margt ónákvæmar, ákvarðanir úthlutunarnefndar um styrkveitingar órökstuddar auk þess sem þeim verður ekki skotið til æðra stjórnvalds, svo og að í lögunum er beinlínis mælt fyrir um að helstu hagsmunaaðilar tilnefni stjórnarmenn, er hættara við því að grunsemdir vaknin um hagsmunatengsl við afgreiðslu mála hjá sjóðnum en ella. Af þessum sökum er enn brýnna að hæfisreglum stjórnsýsluréttarins sé fylgt í einu og öllu.

Þegar litið er heildstætt á mál er hér hafa verið tekin til skoðunar og tengjast stjórn og starfsemi Kvikmyndasjóðs er það mat Ríkisendurskoðunar að hæfisreglna stjórnsýsluréttarins hafi ekki verið gætt sem skyldi á vettvangi sjóðsins á undanförunum árum. Einkum er hér átt við þá óskráðu réttarreglu sem gilt hefur í þessum efnum og felur í sér að starfsmaður sé vanhæfur til meðferðar máls og ákvörðunar í því, ef það varðar hann sjálfan eða nána venslamenn hans á þann hátt, að almennt megi ætla að það geti haft áhrif á afstöðu hans til máls þess sem til úrlausnar er. Jafnframt má minna á að það er viðurkennd grunnregla varðandi almennt hæfi nefndarmanna í opinberum nefndum "að ekki skuli skipa þá menn til nefndarsetu, sem annað hvort er fyrirsjáanlegt að verði oft vanhæfir til meðferðar einstakra mála eða gegna stöðu, sem vegna ákveðinna tengsla við nefndina veldur sjálfkrafa að þeir geta ekki talist hæfir til að fjalla um sömu mál í báðum störfum" eins og regla þessi er orðuð í álitum umboðsmanns Alþingis frá 7. febrúar 1992.

Fyrir liggur að einstakir stjórnarmenn í Kvikmyndasjóði hafa tekið þátt í skipun manna í úthlutunarnefnd þrátt fyrir að þeir hafi sótt um eða ætlað sér að sækja um styrki úr sjóðnum. Þetta er áberandi hvað Hrafn varðar sem þarf reyndar ekki að koma á óvart í ljósi þess hve oft hann hefur sótt um styrki til sjóðsins á sama tíma og hann sat í stjórninni, þó finna megi dæmi þar sem aðrir koma við sögu. Aðstaða sú sem Hrafn var í er því ekki einstæð að þessu leyti.

Að mati Ríkisendurskoðunar er það aðfinnsluvert að bæði stjórnarmenn svo og menntamálaráðuneytið hafa ekki gætt þess að hæfisreglur væru í heiðri haldnar. Í þessu sambandi skal þess sérstaklega getið að vanræksla menntamálaráðuneytisins á að gefa út reglugerð um starfsemi sjóðsins, kosningu manna í úthlutunarnefnd, starfsvið þeirra og starfskyldur, hefur verið bagaleg því þar gafst tækifæri til þess m.a. að mæla fyrir um og undirstrika þær hæfisreglur sem gæta verður á vettvangi sjóðsins og í starfsemi hans.

Ríkisendurskoðun telur ákaflega brýnt að málefni Kvikmyndasjóðs verði að þessu leyti tekin til gagngerrar endurskoðunar þannig að girt verði fyrir eftir því sem kostur er að tortryggni af því tagi sem hér hefur verið til umfjöllunar geri vart við sig á ný. Í því sambandi telur Ríkisendurskoðun ástæðu til að endurskoða það fyrirkomulag að fulltrúar hagsmunaaðilar sitji í stjórn Kvikmyndasjóðs. Eins og málum er nú háttað taka hagsmunaaðilar þátt í að setja reglur um úthlutanir, velja menn til að ákveða hvaða verkefni eru styrkt og hafa loks sjálfir eftirlit með að skilyrðum sjóðsins sé fylgt. Mikil hætta er á að hagsmunir manna sem umsækjenda og styrkþega geti þá rekist á við skyldur þeirra sem stjórnarmanna, og kunni því m.a. að leiða til skorts á eftirliti með að reglum sjóðsins sé fylgt.

Reglur Kvikmyndasjóðs um fjármögnun verkefna

Umsækjendum um framleiðslustyrki ber að skila fjármögnunaráætlunum með umsóknum til sjóðsins. Í skilyrðum sem gilt hafa frá aðalúthlutun 1988 segir: "Styrkþega er skylt að gera úthlutunarnefnd grein fyrir heildarfjármögnun verksins áður en tókur hefjast. Hafi styrkþega ekki tekist að fjármagna verkið svo viðunandi sé, áskilur úthlutunarnefnd sér rétt til að endurmeta styrkveitinguna." (6. gr.) Í reglum sem stjórn sjóðsins samþykkti árið 1989 segir að umsókn skuli m.a. fylgja sundurliðuð kostnaðaráætlun og fjármögnunaráætlun (4. gr.). Þá hafa frá árinu 1991 verið gerðir sérstakir samningar við styrkþega, þar sem fram kemur að hafi verk ekki gengið samkvæmt áætlun að mati úthlutunarnefndar 12 mánuðum eftir úthlutun, skuli framleiðandi samkvæmt úrskurði stjórnar, skila greiddum styrk. Þó getur styrkþegi haldið eftir þeirri fjárhæð sem ráðstafað hefur verið til verksins. Þá segir í skilyrðablaði sjóðsins sem styrkþegar undirrita: "Styrkþega er skylt að gera úthlutunarnefnd grein fyrir heildarfjármögnun verksins og fjárstreymisþörf ..." (7. gr.) og loks eru þessi skilyrði sjóðsins ítrekuð á umsóknareyðublaðinu en þar segir: "Umsókn þessi verður því aðeins tekin til greina, að umbeðnar upplýsingar á þessu blaði séu gefnar upp, og að henni fylgi útfyllt kostnaðaráætlun ásamt fjármögnunaráætlun".

Á þessar reglur hefur reynt í nokkur skipti. Þannig eru dæmi um að umsóknum hafi verið hafnað á þeirri forsendu að umsækjandi hefði ekki sýnt fram á fulla fjármögnun, sbr. tvær umsóknir Kristínar Jóhannesdóttur vegna myndarinnar "Svo á jörðu sem á himni". Þá eru dæmi um að veittir hafa verið styrkir til kvikmynda sem síðan kom í ljós að ekki var hægt að fjármagna, og má í því sambandi nefna styrki til Eyvindar Erlendssonar og Ágústs Guðmundssonar. Í báðum tilvikunum var styrkjum skilað aftur að kröfu sjóðsins þegar sýnt var að ekki væri hægt að fjármagna viðkomandi myndir. Eyvindur skilað til baka tveimur styrkjum sem honum voru veittir árin 1985 og 1986 til að gera myndina "Erindisleysan mikla" og Ágúst skilaði einnig í tvígang

styrkum sem hann fékk 1988 og 1989. Reyndar var styrkfjárhæðum ekki skilað óskertum til baka enda hafði verið lagt út í kostnað vegna myndanna þó tókur væru ekki hafnar.

F.I.L.M. hf. var í janúar 1992 úthlutað styrk að fjárhæð 21 m.kr. til að gera kvikmyndina "Hin helgu vé". Með umsókninni fylgdi kostnaðaráætlun sem gerði ráð fyrir að heildarkostnaður við myndina yrði 91 m.kr., en hinsvegar fylgdi ekki áætlun um fjármögnun eins og tilskilið í reglum sjóðsins. Það var reyndar beinlínis tekið fram í umsókninni að fjármögnunaráætlun væri þar ekki að finna. Í bréfi sem fylgdi tók Hrafn það fram að hann myndi útvega það fjármagn frá útlöndum sem upp á vantaði til að styrkur sjóðsins nægði til að fjármagna verkið, en án þess að gerð væri sérstök grein fyrir því í umsókn. Þá kemur fram í umsókninni að styrkurinn verði notaður til að greiða leikmynd og upptökukostnað, en fé erlendis frá komi öðru fremur í tækjum, mannskap og aðstöðu. Þar sem styrkurinn var veittur, er ljóst er að úthlutunarnefnd hefur tekið umsóknina gilda þrátt fyrir að áætlun um fjármögnun fylgdi ekki. Kvikmyndafélagið Umbi sótti á sama tíma um og fékk styrk vegna kvikmyndarinnar "Karlakórinn Hekla". Úthlutunarnefnd ræddi bæði við Hrafn og forsvarsmenn Umba áður en úthlutun var tilkynnt. Hrafn mun á fundi með nefndinni hafa gert munnlega grein fyrir hvernig hann hyggðist fjármagna mynd sína. Þá mun nefndin í tilviki Umba hafa leitað eftir staðfestinu á fjármögnun frá þýskum aðilum. Það liggur þó fyrir að í báðum tilfellum lá ekki fyrir staðfesting á fullri fjármögnun, en nefndin mun m.a. hafa litið svo á að þess gerðist ekki þörf þar sem báðir aðilarir hefðu alltaf náð að ljúka við sínar fyrri myndir. Fram hefur komið að á fundi þar sem úthlutunarnefnd kynnti ákvörðun sína fyrir stjórninni áður en úthlutun var tilkynnt, hafi ekki verið hreyft andmælum við vinnubrögðum nefndarinnar í þessu máli.

Fljótlega eftir að styrknum var úthlutað gerði Þorsteinn Jónsson, sem þá var framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs, athugasemd við styrkveitinguna á stjórnarfundum, og taldi hann að umsækjendum um framleiðslustyrki hefði verið mismunað, þar sem úthlutunarnefnd hefði farið fram á sannanir fyrir erlendri fjármögnun vegna umsóknar Kvikmyndafélagsins Umba sf. um styrk til "Karlakórsins Heklu" en í tilviki Hrafns hefði fullnægjandi fjármögnunaráætlun ekki legið fyrir áður en styrkur var veittur. Hrafn sagði á fundinum að hann hefði skýrt úthlutunarnefnd frá því að hann hefði ekkert erlent fé. Á fundi með síðar var haldinn með stjórn sjóðsins mun úthlutunarnefndin hafa gefið þá skýringu að með báðum umsóknunum hefði vantað staðfestingu á fullri fjármögnun. Bæði stjórn og framkvæmdastjóri munu hafa tekið skýringar gilda, að þar sem málum væri svo háttáð hefði aðilum ekki verið mismunað (þessi afstaða er þó ekki bókuð í fundargerð stjórnar).

Við þetta er síðan því að bæta að í minnisblaði frá Knúti Hallssyni ráðuneytisstjóra í menntamálaráðuneytinu frá því í apríl 1992 kemur fram að hann hefði talað við Jón Egil Bergþórsson starfsmann úthlutunarnefndar í tilefni af því að Hrafn hafði farið fram á að greiðslu styrksins til sín yrði flýtt, og hefði Jón Egill kannast við að nefndin myndi ekki hafa gengið nógu ríkt eftir að skilyrðum sjóðsins væri fullnægt, en taldi málið að öðru leyti í höndum sjóðsstjórnar.

Að sögn Hrafns komu upp erfiðleikar við að fjármagna "Hin helgu vé" rétt áður en hefja átti tókur myndarinnar, en Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn hafnaði umsókn F.I.L.M. um styrk í maí 1992. Aðstandendur myndarinnar töldu of seint að

hætta við tókur þar sem smíði leikmyndar var lokið og samningar höfðu verið gerðir við leikara. Myndin var því tekin þá um sumarið en Hrafn taldi ógerlegt að ljúka gerð hennar þar sem Norræni sjóðurinn hefði ekki staðið við styrkloforð sem hann taldi sjóðin hafa gefið.

Niðurstaða

Þrátt fyrir að reglur sjóðsins mæli fyrir um að umsækjendur skuli gera fulla grein fyrir fjármögnun mynda sinna, má draga þá ályktun af því sem rakið er hér að framan, að þessu skilyrði hafi ekki verið framfylgt svo fullnægjandi sé í öllum tilvikum. Hvað varðar umsókn F.I.L.M. liggur það fyrir að ekki var skilað fjármögnunaráætlun með umsókn fyrirtækisins vegna "Hinna helgu véa" eins og reglur sjóðsins mæla þó fyrir um. Rétt er að taka það fram að þrátt fyrir að úthlutunarnefndin hafi sannreynt ákveðinn þátt í fjármögnun "Karlakórsins Heklu" þá liggur samt fyrir að félaginu var veittur styrkur áður en staðfesting fékkst á öðrum atriðum í fjármögnun þeirrar myndar, t.d. á fjárframlagi Norræna kvikmynda og sjónvarpssjóðsins. Þá mun heldur ekki hafa verið leitað eftir staðfestinu á fjármögnun í fleiri tilfellum, t.d. vegna styrks til "Sódomu Reykjavíkur" árið 1991. Styrkveitningin til "Hinna helgu véa" er þannig ekki eina tilfellið þar sem ófullnægjandi upplýsingar lágu fyrir um fjármögnun áður en styrkur var veittur. Í öðrum tilvikum hefur umsóknum hinsvegar verið hafnað vegna ófullnægjandi fjármögnunar eða styrkþegum verið ætlað að gera grein fyrir fjármögnun mynda sinna eða skila styrk að öðrum kosti.

Ríkisendurskoðun telur mjög áriðandi að framkvæmd á úthlutunarreglum sjóðsins sé samræmd, enda hlýtur það ætíð að valda tortryggni þegar framkvæmd reglna lítur út fyrir að vera mismunandi eftir því hver á í hlut. Hér er rétt að geta þess að við úthlutun á árinu 1993 voru mótaðar nýjar reglur sem gera ráð fyrir að úthlutunarnefnd geti veitt vilyrði um styrki sem komi ekki til útborgunar nema umsækjandi hafi fengið fé til viðkomandi myndar frá öðrum en Kvikmyndasjóði. Áriðandi er að eftir þessari reglu verði unnið í sambandi við styrkveitingar framvegis, enda mikilvægt að fyrir liggja raunhæfar fjármögnunaráætlanir áður en ráðist er í framleiðslu kvikmynda.

Greinargerðir um ráðstöfun styrkja

Í skilyrðum sem gilt hafa um úthlutunum styrkja frá árinu 1988, segir að styrkþega beri að skila greinargerð um gang verksins þrisvar á ári. Auk þess ber honum að senda inn ársreikninga, áritaða af löggiltum endurskoðanda fyrir sömu ár (9. gr.). Á umsóknareyðublöðum sjóðsins er síðan tekið fram að hafi umsækjandi áður fengið framleiðslustyrk til sama verkefnis skuli hann einnig skila ársuppgjöri, endurskoðuðu og árituðu af löggiltum endurskoðanda.

Þrátt fyrir ofangreind ákvæði, liggur það fyrir að misbrestur hefur verið á að greinargerðum væri skilað. Sjóðurinn hefur í nokkur skipti haft samband við styrkþega og óskað eftir að þeir gerðu grein fyrir ráðstöfun styrkja, en það hinsvegar ekki ætíð skilað tilætluðum árangri. Eitt dæmi er um að stjórnin hafi talið ástæðu til að skoða sérstaklega ráðstöfun á styrkfjárhæð, en það var vegna styrkja til myndar Þráins Bertelssonar "Magnúsar" árin 1988 og 1989. Endurskoðandi á vegum sjóðsins

var fenginn til að athuga bókhald vegna myndarinnar og skilað hann greinargerð um málið til sjóðsins.

Það kemur fram í fundargerðum stjórnar Kvikmyndasjóðs, að Hrafn Gunnlaugsson var borið á brýn að hafa ekki gert fullnægjandi grein fyrir ráðstöfun tveggja styrkja. Annarsvegjar er um að ræða styrk að fjárhæð 800 þ.kr. sem úthlutunarnefnd veitti Hrafn og fjórum öðrum (Agli Eðvarðssyni, Friðriki Þór Friðrikssyni, Sigurði Pálssyni og Viðari Víkingssyni) árið 1989 til að halda námskeið í kvikmyndagerð. Styrkurinn var greiddur til F.I.L.M. sem ætlaði að sjá um framkvæmd námskeiðsins. Hitt málið snýst um það hvort Hrafn hafi gert fullnægjandi grein fyrir ráðstöfun á undirbúningsstyrk sem hann fékk árið 1990 vegna kvikmyndar sem byggð væri á Píslarsögu Jóns Magnússonar. Á stjórnarfundi í janúar 1992 gerði Þorsteinn Jónsson athugasemd við störf úthlutunarnefndar sem hefði ekki gengið úr skugga um að Hrafn hefði skilað greinargerð vegna undirbúningsstyrksins áður en fyrirtæki hans var úthlutað framleiðslustyrk til að gera "Hin helgu vé". Hrafn svaraði því til að uppgjör vegna fyrri umsókna frá fyrirtæki hans, þ.m.t. vegna "Píslarsögunnar", hefðu alltaf legið fyrir.

Á næsta stjórnarfundi var þetta mál áfram til umræðu. Formaður stjórnar, Ragnar Arnalds, lagði fram greinargerð frá Hrafn vegna "Píslarsögu". Þorsteinn Jónsson gerði þá svohljóðandi bókun: "Hrafn Gunnlaugsson fullyrðir á síðasta stjórnarfundi, að hann hafi alltaf skilað greinargerðum. Það er ekki rétt, hvað varðar síðustu tvo styrki til H.G. Tvívegis hefur verið skorað á H.G. að skila greinargerð vegna Námskeiðsstyrks 1989 án árangurs og H.G. hefur ekki skilað fullnægjandi greinargerð vegna undirbúningsstyrks til "Píslarsögu" 1990." Hrafn skýrði þá frá því að hann hefði gert munnlega grein fyrir námskeiðinu á stjórnarfundi fyrri stjórnar. Annar stjórnarmaður, Lárus Ýmir Óskarsson, lagði þá fram bókun sem hljóðar svo: "Ég mótmæli því að eftir að samþykkt hafði verið á stjórnarfundi 21. janúar s.l. að biðja um greinargerð fyrir undirbúningsvinnu að myndinni "Píslarsögu" er lagt fram plagg, sem segir einungis frá styrkuppþæð og útgjöldum, endurskrifað af endurskoðanda, án nokkurra frekari skýringa." Hrafn taldi vinnubrögð við verkið ekki vera mál stjórnar. Friðbert Pálsson stjórnarmaður óskaði eftir fullri áritun endurskoðanda vegna "Píslarsögu". Hrafn skýrði frá því að þetta væri unnið upp úr heildarársreikningum F.I.L.M. Síðar á sama fundi kemur fram að framkvæmdastjóri teldi að slæm skil hefðu verið á greinargerðum vegna verkefna sem styrkþegar 1992 hefðu fengið styrki til á fyrri árum. Hann skýrði frá því að hann hefði falið starfsmanni úthlutunarnefndar að sjá til þess að greinargerðir lægju fyrir, en þrátt fyrir það væru vanhöld þar á. Hann nefndi sem dæmi að greinargerð vegna "Píslarsögu" hefði ekki borist fyrr en eftir að fundur stjórnar og úthlutunarnefndar 15. janúar 1992 var settur og staðfesti formaður stjórnar það.

Á stjórnarfundi í maí 1992 er málið enn til umræðu. Þorsteinn sagði að það væri hlutverk sitt sem framkvæmdastjóra að ganga eftir því að styrkþegar skiluðu greinargerðum og uppgjörum vegna veittra styrkja. Hann sagði að slíkt hefði ekki borist frá Hrafn vegna "Píslarsögu". Friðbert lagði til að fylgt væri eftir samþykkt stjórnar frá síðasta ári og styrkþegum, sem ekki hefðu gert grein fyrir verkefnum sínum, skrifað bréf þar sem óskað væri eftir greinargerðum. Við þetta er því að bæta að Hrafn lagði að lokum fram yfirlit eins og um var beðið vegna "Píslarsögu".

Hrafn hefur svarað ásökunum þáverandi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna sem fram koma hér að ofan með þeim hætti, að starfsvenjur sjóðsins hafi verið á þá lund að þegar sótt hafi verið um framleiðslustyrki í framhaldi af undirbúningsstyrkjum, hafi ekki verið þörf á sérstakri skýrslu um ráðstöfun undirbúningsstyrksins, heldur bæri að líta svo á að umsókn um framleiðslustyrk sannaði að styrkurinn hefði borið tilætlaðan árangur. Því hafi umsókn hans um styrk til "Píslarsögu" í desember 1991 verið fullnægjandi í þessu sambandi. Hér hafi því verið um sérstaka beiðni sjóðsins að ræða sem ekki átti sér hliðstæðu og hafi Hrafn ákveðið að verða við henni.

Niðurstaða

Ríkisendurskoðun telur að töluverður misbrestur hafi verið á að ýmsir styrkþegar Kvikmyndasjóðs hafi gert fullnægjandi grein fyrir ráðstöfun styrkfjár. Að hluta til er hér því um að kenna að sjóðurinn hefur ekki sett nægjanlega skýrar reglur um það með hvaða hætti gera eigi grein fyrir styrkjum né hverju það varði sé greinargerðum ekki skilað.

Það liggur fyrir að Hrafn Gunnlaugsson fékk úthlutað styrk vegna "Hinna helgu véa" áður en hann hafði skilað fullnægjandi greinargerðum vegna eldri styrkja að mati framkvæmdastjóra og tiltekinna stjórnarmanna. Ríkisendurskoðun telur þó að þetta mál verði að skoðast í samhengi við misjöfn skil annarra styrkþega á greinargerðum til sjóðsins. Ekki verður heldur séð að fordæmi séu fyrir að umsókn um styrk hafi verið hafnað vegna ófullnægjandi greinargerða um eldri styrki. Ríkisendurskoðun telur fulla ástæðu til að sjóðurinn gangi betur eftir greinargerðum en nú er gert og geri það með samræmdum hætti þannig að tryggt sé að styrkþegar sitji allir við sama borð í þessu efni. Að öðrum kosti er hætta á að tortryggni vakni gagnvart störfum sjóðsins og styrkveitingum hans til íslenskra kvikmyndagerðarmanna.

Sýningarréttur kvikmynda í sjónvarpi og á myndböndum

Það er eitt af skilyrði Kvikmyndasjóðs fyrir styrkveitingum, að mynd sem fær styrk verði ekki sýnd í sjónvarpi eða gefin út á myndböndum hér á landi fyrr en eftir a.m.k. þrjú ára frá frumsýningu (4. gr. skilyrðablaðs). Sé um að ræða samvinnu (co-production) við íslenska sjónvarpsstöð geta aðilar þó samið sérstaklega við sjóðinn um styttingu tímans (5. gr.). Þetta skilyrði er komið til vegna þrýstings frá kvikmyndaframleiðendum sjálfum en árið 1987 barst stjórn sjóðsins bréf frá Sambandi íslenskra kvikmyndaframleiðenda þar sem takmörkun á sýningarrétti var lögð til og samþykkti stjórn sjóðsins í framhaldi af því að setja slík skilyrði við úthlutun.

Tvö fordæmi eru fyrir að veitt hafi verið undanþága frá takmörkun á sýningarrétti. Fyrra málið kom upp árið 1989 vegna fyrirhugaðs samnings Íslenska sjónvarpsfélagsins og Verkstæðisins hf. um sölu á sýningarrétti á "Bílaverkstæði Badda" (síðar nefnd "Ryð"). Bæði Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda og Félag kvikmyndagerðarmanna töldu eðlilegt að framleiðendum myndarinnar yrði veitt

undanþága en stjórnin samþykkti hinsvegar svohljóðandi tillögu frá Hrafn: "Lagt er til að Kvikmyndasjóður standi fastur á ákvæði sínu um takmarkanir á sýningum á kvikmyndum, sem gerð er grein fyrir í grein 4 um skilyrði um styrkveitingar til leikinna mynda frá 1987". Einn stjórnarmaður, Friðbert Pálsson, lét þá bóka þá afstöðu sína, að hann teldi það röng vinnubrögð að sjóðurinn ákvæði einhliða hvort og hvenær mynd yrði sýnd á myndbandi eða í sjónvarpi, heldur væri eðlilegt að framleiðendur settu frest á slíka útgáfu til samræmis við það sem markaðurinn segði til um og í samræmi við þá stefnu sem framleiðendur og kvikmyndagerðarmenn mörkuðu. Í framhaldi af þessu var mál Verkstæðis hf. leyst á þann hátt að stjórnin fól tveimur stjórnarmönnum að afgreiða það og var gert munnlegt samkomulagi um að stytta frestinn til sýninga niður í 12 mánuði.

Hitt fordæmið kom til vegna erindis frá Kvikmyndafélaginu Umba sf. í september 1990 vegna sölu á "Kristnihaldi undir Jökli" til sjónvarps. Ákveðið var að leita eftir tillögum frá Sambandi íslenskra kvikmyndaframleiðenda um framtíðarskipan þessara mála og samþykkti stjórnin síðan að sýna mætti myndina eftir tvö ár frá frumsýningu. Var það gert með tilliti til þess að stytta átti frestinn sem gilt hafði niður í 2 ár við næstu úthlutun.

Með samningi sem gerður var á milli Sjónvarpsins og F.I.L.M. í september 1992 um sýningar á "Hinum helgu véum" í sjónvarpi, er ákvæði um að sýna skuli myndina eigi síðar en 6 mánuðum eftir frumsýningu í kvikmyndahúsi. F.I.L.M. óskaði síðan eftir því við sjóðinn í apríl s.l., þ.e. hálfu ári eftir að samningurinn var gerður, að veitt yrði undanþága frá reglum sjóðsins þannig að sýna mætti myndina 6 mánuðum frá frumsýningu. Beiðnin var gerð með vísun til þess að Sjónvarpið væri meðframleiðandi að myndinni og rökstudd með því að ljóst væri að skilyrði sjóðsins varðandi þetta atriði væru sett til að tryggja hagsmuni styrkþega en ekki sjóðsins sjálfs. Til vara var sótt um að undanþága yrði veitt til sama tíma og með sömu skilmálum og "Ryð" fékk. Erindi F.I.L.M. var afgreitt þannig samkvæmt fundargerð frá stjórnarfundi 29. apríl 1993, að fara skyldi að reglum sjóðsins. Formaður stjórnar, Ragnar Arnalds, hefur þó tjáð Ríkisendurskoðun að málinu hafi í raun aðeins verið frestað. Þess skal getið að Hrafn vék af fundi á meðan fjallað var um málið.

Niðurstæða

Reglur um takmörkun á sýningum kvikmynda í sjónvarpi og á myndböndum voru settar fyrir tilstuðlan kvikmyndagerðarmanna sjálfra, með það fyrir augum að tryggja sem mesta aðsókn að kvikmyndahúsum. Ekki verður séð að það þjóni hagsmunum Kvikmyndasjóðs sérstaklega að binda styrki slíkum takmörkunum. Það hefur komið í ljós að einstakir kvikmyndagerðarmenn hafa talið það í sína þágu að geta selt kvikmyndir til sýningar í sjónvarpi eða á myndböndum áður en fresturinn var liðinn. Hrafn Gunnlaugsson er ekki fyrsti kvikmyndagerðarmaðurinn sem finnst reglur sjóðsins íþyngjandi að þessu leyti. Verður að telja það aðfinnsluvert að reglum sjóðsins skuli ekki hafa verið fylgt. Hrafn hafði sem stjórnarmaður átt þátt í að setja reglur um þetta efni og mátti því vita hverjar þær voru.

7 Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn

Hrafn Gunnlaugsson hefur einu sinni fengið úthlutað styrk úr Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðnum, en það var styrkur að fjárhæð 1 milljón SEK, jafnvirði 8,7 milljóna króna, sem F.I.L.M. var veittur til framleiðslu á kvikmyndinni "Hin helgu vé" árið 1992. Er það í eina skiptið sem Hrafn hefur sótt um styrk úr sjóðnum.

Almennt um Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn

Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn (Nordisk Film- og TV-Fond) var stofnaður í ársbyrjun 1990. Að honum standa norrænir kvikmyndasjóðir, sjónvarpsstöðvar og Norræna ráðherranefndin. Hlutverk sjóðsins er að efla framleiðslu mynd- og hljóðmiðlaverka á Norðurlöndum með því að taka þátt í fjármögnun verkanna samkvæmt nánar ákveðnum viðmiðunareglum. Sjóðurinn er fjármagnaður með árlegu framlagi þeirra aðila sem að honum standa. Kvikmyndasjóðir greiða þriðjung, sjónvarpsstöðvar þriðjung og ráðherranefndin þriðjung. Hlutur hvers lands fer eftir þjóðarframleiðslu og hefur hlutur íslensku þátttakendanna verið 0,9-1,0% af heildarframlögum. Sjóðurinn hefur um 45 milljónir SEK til ráðstöfunar á hverju ári. Sjóðnum er ætlað að starfa til reynslu í 5 ár og var stjórn hans fyrst skipuð til þriggja en síðan til tveggja ára. Í stjórninni eiga sæti fimm menn, einn frá hverju Norðurlandanna. Eftirtaldir aðilar áttu sæti í stjórn sjóðsins á árinu 1992:

Bengt Bergman, formaður (Finnland)
 Bo Christensen (Danmörk)
 Ingrid Edström (Svíþjóð)
 Kent Nilssen (Noregur)
 Ólafur Ragnarsson (Ísland)

Varamaður Ólafs í stjórninni var Kristín Jóhannesdóttir kvikmyndaleikstjóri. Menntamálaráðuneytið tilnefnið fulltrúa Íslands í stjórnina en Norræna ráðherranefndin skipar í stjórnina. Skrifstofa sjóðsins er í Stokkhólmi. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Svíinn Bengt Forslund og er hann ráðinn til fjögurra ára. Auk þess starfar einn ritari á skrifstofunni. Heimilt er að leita til utanaðkomandi ráðgjafa við mat á umsóknum.

Til að umsókn uppfylli skilyrði um styrk þurfa aðilar frá tveimur eða fleiri Norðurlanda að standa að verkefninu. Stjórn sjóðsins úthlutar sjálf styrkjum en sú regla gildi þar til um mitt síðasta ár, að framkvæmdastjóri hafði heimild til að ráðstafa ákveðnum hluta af fé sjóðsins og allt að 3 milljónum SEK í hvert verkefni án samþykkis stjórnar. Ekki er kvóti á styrkveitingum til hvers lands.

Samkvæmt reglum sjóðsins eru settar takmarkanir á sýningu kvikmynda í sjónvarpi og útgáfu á myndböndum, en víkja má frá þeim tímamörkum ef aðilar að hlutaðeigandi framleiðslu eru sammála um það.

Fjölmargir íslenskir aðilar hafa hlotið styrki úr sjóðnum frá fyrsta starfsári hans, 1990, fram að miðju ári 1993. Samtals nema þessir styrkir um 20 milljónum sænskra króna. Þessu til viðbótar hafa verið veittir styrkir til textunar og talsetningar á norrænum myndum sem sýndar hafa verið hér á landi. Einnig hafa verið veittir styrkir til Íslands vegna kvikmyndahátíða hér á landi.

Til þessa hafa um 13% þeirra verkefna sem hlotið hafa framleiðslustyrki frá sjóðnum verið íslensk en framlög íslenskra aðila til sjóðsins nema um 1% af ráðstöfunarfé hans. Engin Norðurlandþjóðanna hefur notið góðs af sjóðnum í sama mæli og Íslendingar en til samanburðar má geta þess að Norðmenn hafa til dæmis fengið styrki til álíka margra verkefna og Íslendingar en greiða 18 sinnum meira til sjóðsins.

Framleiðslustyrkir:

Ár	Verkefni	Framleiðandi/leikstjóri	Fjárhæð í SEK	Fjárhæð í IKR
1990	Ingaló á grænum sjó	Gjóra hf. (Ásdís Thoroddsen)	1.220.000	
1990	Jólatréð okkar (teiknimynd)	Sigurður Örn Brynjólfsson	200.000	
1990	Pappírís Pési	Grif (Ari Kristinsson)	1.200.000	
1991	Ævintýri á norðurslóðum	Þumall hf./Magmafilm (Kristín Pálsdóttir)	1.400.000	
1991	Ókunn dufl	Helgarmyndir (Sigurbjörn Aðalsteinsson)	225.000	
1991	Djárninn á Myrká	Jón Axel Egilsson	200.000	
1991	Svo á jörðu sem á himni	Tíu-tíu hf. (Kristín Jóhannesdóttir)	3.420.000	
1992	Ævintýri á okkar tímum	Inga Lisa Middelton	150.000	
1992	Karлакórin Hekla	Umbi hf. (Guðný Halldórsdóttir)	1.800.000	
1992	Hin helgu vé	F.I.L.M. hf. (Hrafn Gunnlaugsson)	1.000.000	
1992	Halló	Alda Lóa Leifsdóttir	110.000	
1993	Skýjahöllin	Kvikmynd hf. (Þorsteinn Jónsson)	2.400.000	
1993	Bíódagar	Íslenska kvikmyndasamsteypa (Friðrik Þór Friðriksson)	2.500.000	
			15.825.000	

Auk þessara verkefna voru veittir sameiginlegir framleiðslustyrkir til eftirtalinnna samnorræna verkefna sem íslenskir aðilar stóðu að og fengu þeir hluta af heildarfjárveitingu í sinn hlut.

1991	Norræn tréskurðarlist	Baldur Film (Baldur Hrafnkell Jónsson)
1991	Norræn kvikmyndagerð	Ríkisútvarpið-Sjónvarp
1991	Einu sinni var	Sigurður Örn Brynjólfsson
1992	Með barnsaugum	Baldur Film (Brynja Benediktsdóttir)
1992	Ævintýri á norðurslóðum II	Þumall/Magma (Ágúst Guðmundsson)
1992	Norrænar smásögur	Lárus Ýmir Óskarsson
1992	Börn, dýr og náttúra	Ríkisútvarpið-Sjónvarp

Samtals er gert ráð fyrir að í hlut íslensku fyrirtækjanna hafi komið vegna kvikmyndanna sem þau framleiddu 3.400.000 SEK.

Undirbúnings- og handritsstyrkir:

1990	Fjalla-Eyvindur og Halla	Fata Morgana Films (Lárus Ýmir Óskarsson)	500.000
1990	Hundadagakonungur	Umbi hf. (vegna handrits, Ragnar Arnalds)	200.000
1990	Banzai	Nýtt líf (vegna handrit, Þráinn Bertelsson)	100.000
1992	Ævintýri á norðurslóðum II	Þumall hf./Magma film (Ágúst Guðmundsson)	240.000
		Samtals	1.040.000

Dreifingarstyrkir vegna íslenskra kvikmynda nema 320.000 SEK.

Alls nema styrkir til Íslendinga 20.585.000 SEK.

Viðskipti Hrafns Gunnlaugssonar við sjóðinn

Hrafn Gunnlaugsson er einn af mörgum íslenskum aðilum sem notið hafa fyrirgreiðslu Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins. Fyrirtæki Hrafns, F.I.L.M. hf., hefur fengið áttunda hæsta styrkinn sem sjóðurinn hefur veitt íslenskum aðila. Ríkisendurskoðun telur rétt að fjalla nokkuð ítarlega um styrkveitingu sjóðsins til Hrafns í ljósi þeirrar umræðu sem varð um það mál, enda þótt umfang viðskipta Hrafns við sjóðinn gefi ekki sem slík sérstakt tilefni til svo nákvæmrar útlistunar.

Snemma á árinu 1992 sendi Hrafn bréf til Bengts Forslunds framkvæmdastjóra Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins varðandi umsókn um styrk úr sjóðnum. Bréf þessa efnis er dags. 7. febrúar 1992. Eftir því sem fram kemur í bréfinu fylgdi því gróft handrit ("grovmanus") á sænsku sem var yfir tveggja ára gamalt. Þá kemur fram að lokahandrit ("slutmanus") verði tilbúið í maí. Að sögn Forslunds var það sem Hrafn sendi honum til að byrja með aðeins ágrip af handriti, 40 bls. að lengd. Forslund svaraði Hrafni með faxi þann 17. febrúar 1992 og þar er látin í ljós mjög jákvæð afstaða til verkefnisins og fram kemur vilji til taka þátt í verkefninu ("Men konstnærligt sett tror jag både på Dig och berättelsen och vill gärna vara med på ett hörn"). Síðar kom upp ágreiningur á milli Hrafns og Forslunds um hvort í svari hins síðarnefnda hefði falist loforð um styrk, en Hrafn telur að skila hafi mátt svarið á þá leið að sjóðurinn væri tilbúinn að fjármagna allt að fjórðungi myndarinnar.

Hrafn og meðframleiðandi hans að myndinni Bo Jonsson frá Viking Film AB í Svíþjóð, hittu Forslund í Stokkhólmi 23. mars þar sem rætt var um fyrirhugaða mynd. Fram hefur komið hjá Forslund að hann hafi þá verið í aðalatriðum jákvæður gagnvart hugmyndinni. Það sama kemur fram í bréfi sem Ingrid Dahlberg varamaður Svía í stjórn sjóðsins og dagskrárstjóri hjá Sveriges Television, sendi Hrafni tveimur vikum síðar, en þar segist hún hafa talað við Forslund um myndina og hafi hann verið jákvæður. Hún taldi því öruggt að styrkur fengist. Þann 30. mars barst sjóðnum síðan formleg umsókn um styrks vegna "Hinna helgu véa" frá Jonsson. Sama dag sendi Forslund álitserð um þá umsækjendur til stjórnarinnar sem hann taldi að kæmu til álita. Hann segist þar hafa bent sérstaklega á að honum hefði enn ekki borist handrit að mynd Hrafns.

Á fundi stjórnar 6. apríl kom fram að sjóðurinn hefði ekki frekari fjármuni til úthlutunar á árinu 1992 og var ákvörðun um úthlutanir skotið á frest til næsta fundar

sem var ráðgerður í ágúst. Um var að ræða umsóknir vegna 13 verkefna. Ákvörðum stjórnar um að fresta afgreiðslu á umsóknum var tilkynnt öllum umsækjendum samdægurs. Daginn eftir, þ.e. 7. apríl, sendi Hrafn Ólafi bréf þar sem hann segir ákvörðun stjórnar hafa komið sér gjörsamlega í opna skjöldu. Það hann Ólaf um að beita sér fyrir að sjóðsstjórnin breytti afstöðu sinni og að fundur verði haldin í stjórninni sem allra fyrst. Þann 8. apríl skrifaði Forslund stjórninni bréf þar sem hann leggur til að stjórnin komi saman sem fyrst og veiti styrki til sex verkefna en á meðal þeirra var myndin "Northern Tales II" sem er gerð að hluta eftir handriti og í leikstjórn Ágúst's Guðmundssonar. Þar kemur fram að margir umsækjendur hafi í góðri trú reiknað með að fá styrk úr sjóðnum ("I den situationen vi nu befinner oss i har emellertid flertallet - i god tro - antagit att om de väl lyckats få en nordisk samarbetspartner, då har stödet från fonden varit en självklarhet. Det är lätt att säga att detta varit naivt att tro, men flertalet har dock resonerat på detta sätt - i synnerhet om jag råkat vara positiv mot manuskripten. Mitt fel - fast det varit rätt"). Ekki er mælt með styrkveitningu að þessu sinni til nokkurra mynda, en meðal þeirra voru "Hin helgu vé" og "Bíó dagar" Friðriks Þórs Friðrikssonar, og var það rökstutt með því að fullgerð handrit lægju ekki fyrir og fjármögnun þeirra væri óljós.

Stjórnin ákvað í framhaldi af þessu að halda fund um málið 26. maí 1992. Eftir að þessi fundur var ákveðinn sendi Hrafn Ólafi Ragnarssyni fax þar sem hann lýsti ánægju sinni með ákvörðunina og ítrekar jafnframt þau vandræði sem gerð myndar sinnar var komin í. Ólafur sendi svarbréf þann 1. maí þar sem fram kemur að frestun á ákvörðun stjórnar fram í ágúst muni augljóslega valda ýmsum framleiðendum erfiðleikum og að betra sé fyrir menn að fá skýr svör strax á vordögum, hvort sem þau verði jákvæð eða neikvæð. Þá kemur fram að vonast sé til að fyrir fundinn 26. maí muni þáverandi stjórn hafa fengið heimild norrænu ráðherranefndarinnar til að ráðstafa einhverjum hluta af því fé sem ný sjóðstjórn ætti að hafa til ráðstöfunar 1993. Hins vegar séu upphæðir sem kunni að vera til ráðstöfunar óvissar og um leið hvaða myndir geti hlotið styrki. Að lokum sagði Ólafur að mynd Hrafns væri meðal þeirra íslensku verkefna sem hann hafi lagt áherslu á að tryggja yrði fé frá sjóðnum og að þeir verði að vona að umsóknin hljóti stuðning stjórnarinnar á fundinum í maílok.

Þann 25. maí 1992 sendi Forslund Hrafni og Bo Jonsson fax þar sem fram kemur neikvæð umsógn um myndina. Gerðist þetta daginn áður en sjóðsstjórn kom saman til fundar. Ástæðuna fyrir að hann setti ekki mynd Hrafns á forgangslista sinn til stjórnar segir hann einfaldlega þá að hann hafi ekki verið búinn að fá handrit að myndinni. Það hafi fyrst verið í Cannes um miðjan maí 1992 sem hann hefði fengið handrit af fyrirhugaðri mynd. Eftir að hafa lesið handritið væri hann ekki eins jákvæður og áður ("När jag nu läser det som borde vara ett inspelningsmanus, om Ni tänkt sätta igång om en månad, så tycker jag det är tunt, bitvis slarvigt och en smula ogenomtänkt för att det ska kännas övertygande"). Í bréfinu sagði hann jafnframt að hann myndi ekki skýra stjórn sjóðsins frá þessu neikvæða áliti sínu ("Jag kommer dock inte att relatera mina invändningar inför styrelsen för att på så sätt påverka dem i negativ riktning även om jag måste tillstå att jag inte är entusiastisk") og jafnframt hafi varamaður Svía í stjórninni, Ingrid Dahlberg, lofað að koma og veita stuðning ("Vi får se vad styrelsen säger i morgon. Ingrid Dahlberg har lovat att komma och stötta").

Á fundi stjórnar þann 26. maí 1992 lágu fyrir umsóknir um framleiðslustyrki til fimm íslenskra kvikmynda, þ.e. vegna "Hinna helgu véa", myndar Ágúst's Guðmundssonar

"Ævintýri á norðurslóðum II", "Bíódagar" Friðriks Þórs Friðrikssonar, "Vita et Mors" Hilmar Oddssonar og "Karlakórsins Heklu" en framleiðandi þeirrar myndar er Kvikmyndafélagið Umbi. Umsókn F.I.L.M. hljóðaði upp á 2,1 milljónir SEK. Á fundinum samþykkti stjórnin að veita mynd Umba styrk að fjárhæð 1,8 milljónir SEK. Umsókn F.I.L.M. var hafnað á grundvelli neikvæðs mats framkvæmdastjóra á handriti myndarinnar en frestað var að taka afstöðu til styrkveitinga til hinna verkefnanna þriggja þar sem upptökur hefðu ekki verið ákveðnar og fjármögnun þeirra ekki endanlega tryggð. Úthlutað var styrkjum til fjögurra mynda á fundinum, þ.e. til einnar myndar frá Noregi, Danmörku, Íslandi og Finnlandi, en alls lágu 17 umsóknir fyrir fundinum. Ekki var sótt um styrki vegna sænskra mynda. Stjórnin hafði þar með ráðstafað um helmingi af ráðstöfunarfé sjóðsins fyrir 1993. Í fundargerð kemur ekki fram hvernig atkvæði féllu. Jafnframt var ákveðið að framkvæmdastjóri gæti ekki lengur ráðstafað fjármunum sjóðsins án samþykkis stjórnar. Varamaður Svía sat fundinn ásamt aðalmanni þeirra, en aðrir varamenn voru þar ekki.

Í minnisblaði sem Ólafur ritaði daginn eftir fundinn kemur fram að þegar röðin kom að mynd Hrafns hafi hann minnt á að Kvikmyndasjóður hefði þegar veitt 21 m.kr. til myndarinnar og að fyrir lægi viljayfirlýsing um stuðning Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins við verkefnið frá 17. febrúar. Varamaður Svía tók undir þetta en Ólafur segir að hún hafi virst þekkja vel til málsins. Fram kemur að Forslund hafi sagt að orðalagið í faxinu og hin jákvæðu fyrstu viðbrögð sín hefðu grundvallast á efnisdrögum (synopsis) sem hann hefði fengið frá Hrafni en honum hefði ekki litist á endanlegt handrit sem honum hefði borist nýlega. Fjárstuðningur sjóðsins ætti að byggjast á endanlegu handriti og staðfestri fjárhagsáætlun en hvorugt hefði legið fyrir í febrúar. Ólafur sagðist ekki vita betur en frá öllum samningum hefði verið gengið og upptökur ættu að hefjast innan mánaðar á Íslandi. Fjárhagsáætlun hlyti því að vera til. Forslund sagðist hafa sent Hrafni neikvæða umsögn um endanlegt handrit í faxi daginn fyrir fundinn og gæti hann ekki mælt með styrk til myndarinnar. Formaður stjórnar Bengt Bergman taldi að þar með væri hægt að strika "Hin helgu vé" út af lista yfir mögulegar úthlutanir á fundinum enda yrði að skera listann verulega niður miðað við fjárhagslegt svigrúm sjóðsins. Ólafur minnti enn á yfirlýsingu framkvæmdastjóra frá í febrúar sem stjórnin hlyti að vera ábyrg fyrir en Forslund sagði að endanleg gæði handrits hlytu að ráða en ekki viljayfirlýsing á fyrri stigum. Ýmsir stjórnarmenn tóku undir með Forslund en töldu stjórnina þó vera í erfiðri stöðu vegna hálfgildings loforða hans sbr. faxið í febrúar. Bergman taldi málið þar með útrætt en Ólafur lagði þá til að veittur yrði lægri styrkur til myndarinnar en sótt hefði verið um en ekki náðist samstaða þar um. Stjórnarformaður taldi ófært að styrkja myndina eftir neikvæða umsögn Forslunds um handritið. Rætt var um þann möguleika að leita áliits utanaðkomandi ráðunauta á handritinu en ekkert var ákveðið í því efni. Í umræðum um stöðu annarra umsókna sem lágu fyrir fundinum taldi formaður stjórnar að stjórnin ætti einungis tveggja kosta vól vegna takmarkaðra fjárráða, að styrkja eina mynd frá hverju landi sem umsóknir hefðu borist frá eða að úthluta ekki neinum styrk á fundinum. Samþykkt var að fara fyrri leiðina. Forslund taldi eðlilegast í ljósi fyrri umræðna að fyrir valinu frá Íslandi yrði "Karlakórinn Hekla" sem Kvikmyndasjóður Íslands hefði lagt blessun sína yfir og sem styrkur hefði fengist fyrir frá Evrópska kvikmyndasjóðnum. Forslund sagði að sú mynd væri heppilegasti kosturinn ef velja ætti eina mynd frá Íslandi þó hann væri enn ekki fullkomlega sáttur við sænska efnishlutann í myndinni. Var tillaga framkvæmdastjóra samþykkt. Ólafur hefur látið

þá skoðun í ljós að hefði framkvæmdastjóri ekki látið í ljós neikvætt álit sitt á mynd Hrafns hefði hún á efa fengið styrk frá sjóðnum.

Þann 17. ágúst 1992 var óskað eftir að Ólafur kæmi á stjórnarfund hjá Sambandi íslenskra kvikmyndaframleiðenda og var Hrafn á meðal fundarmanna. Á fundinum var Ólafur spurður um þau loforð sem framkvæmdastjóri sjóðsins hafi verið að gefa ýmsum kvikmyndaframleiðendum og sem ekki hafi verið staðið við. Ólafur skýrði svo frá að framkvæmdastjórinn liti svo á að þau loforð sem hann gefi áður en að fullbúið handrit liggi fyrir, þurfi hann ekki að standa við lítist honum ekki á endanlegt handrit. Stjórnarmenn SÍK bentu á að um þennan skilning framkvæmdastjóra á loforðum hefði enginn vitað og var dregið í efa að hann stæðist. Ólafur lýsti því síðan yfir að honum þætti eðlileg sú krafa að staðið yrði við þau loforð sem gefin hefðu verið og hugsanlega ætti að gera undantekningu á reglunni um að styrkja ekki myndir sem framleiðsla er hafin á, hafi þær farið á stað vegna loforða framkvæmdastjóra. Óskað var eftir því við Ólaf að hann færi fram á fund í stjórn sjóðsins þar sem þessi mál yrðu rædd. Einnig var samþykkt að skrifa menntamálaráðuneytinu bréf vegna málsins. Sambandið sendi síðan bréf til menntamálaráðherra, Ólafs G. Einarssonar, þann 20. ágúst 1992 þar sem vakin er athygli á að framkvæmdastjóri sjóðsins hafi lofað nokkrum kvikmyndaframleiðendum styrkjum sem síðan hafi ekki verið staðið við. Í bréfinu voru ekki tilgreind mál neinna sérstakra aðila, en óskað eftir að ráðuneytið hlutaðist til um að staðið yrði við þau loforð sem gefin hefðu verið. Með bréfinu fylgdi úrdráttur úr fundargerð stjórnar SÍK frá áður nefndum fundi. Undir bréfið ritaði Tómas Þorvaldsson fyrir hönd SÍK. Ólafur vissi af að þetta bréf yrði sent ráðuneytinu. Eftir að bréfið barst ráðuneytinu, fól ráðherra ráðuneytisstjóra það til athugunar. Reyndar mun stjórn SÍK einnig hafa gengið á fund ráðherra og kynnt honum málið.

Þann 15. september 1992 sendi Jonsson bréf til Forslunds þar sem gerð var grein fyrir stöðu mála og boðað að endurnýjuð umsókn til sjóðsins myndi koma frá Hrafn. Það var hinsvegar ekki gert fyrr en með faxi til sjóðsins þremur mánuðum síðar. Það sem næst gerðist, var að Hrafn sendi menntamálaráðherra bréf þann 17. september og vakti þar athygli á samskiptum sínum við framkvæmdastjóra sjóðsins. Með bréfinu fylgdu afrit af bréfi Tómasar Þorvaldssonar frá 20. ágúst ásamt fundargerð, bréf Bo Jonsson til Forslunds frá 15. september og kafla úr samproduktionsavtal við Svía vegna "Hin helgu vé"). Ráðherra fól ráðuneytisstjóra, Knúti Hallssyni, bréfið til athugunar með áritun sinni þann 21. september. Bréfið sem fylgdi fól Knútur síðan Þórunni J. Hafstein deildarstjóra lista- og safnadeildar til athugunar rúmum mánuði síðar eða 27. október. Í bréfinu rakti Hrafn atriði málsins eins og þau horfðu við honum. Hann óskaði síðan eftir því að fyrri umsókn hans yrði tekin fyrir aftur og að ráðuneytið beindi því til fulltrúa Íslands í sjóðnum að hann gerði þá kröfu í stjórn sjóðsins að staðið yrði við loforðið sem framkvæmdastjóri hefði gefið um styrk. Það hefur komið fram hjá Hrafn að ástæðan fyrir að hann snéri sér ekki beint til sjóðsins með umkvörtun sína eftir að umsókn hans var hafnað, heldur til ráðuneytisins, hafi verið samkvæmt ábendingu lögfræðings SÍK. Hrafn segist ekki hafa haft samband við ráðherra vegna þessa máls eftir að hann sendi honum bréfið.

Knútur kallaði Ólaf Ragnarsson á sinn fund í ráðuneytinu í byrjun október og var erindið að ræða bréf Hrafns. Ólafur taldi eðlilegt að vilyrði sem Forslund hefði gefið væru athuguð og jafnvel að fenginn yrði óháður ráðgjafi til að meta handrit Hrafns.

Sagðist hann ætla að taka málið upp á næsta fundi stjórnar sjóðsins. Þá hringdi aðstoðarmaður menntamálaráðherra í Ólaf og óskaði eftir að hann styddi erindi Hrafns.

Þann 7. október 1992 rituðu Ólafur Arnarson aðstoðarmaður ráðherra og Knútur sameiginlegt minnisblað til ráðherra vegna málsins þar sem þeir lögðu til að hann tæki málið upp á fundi menntamálaráðherra Norðurlanda sem haldinn var 9. október 1992. Á þessa tillögu féllst ráðherra ekki og segist Knútur ekki hafa frétt af afstöðu ráðherrans fyrir en síðar.

Það sem næst gerðist var að Knútur tók þá ákvörðun að láta þýða efni bréfs Hrafns í meginatriðum á sænsku og senda til sjóðsins. Hann mun hafa rætt málið við Hrafn og beðið hann að merkja við helstu atriðin í bréfi sínu til ráðherra sem hann vildi að fram kæmu. Í bréfi ráðuneytisins til formanns sjóðsins, Bengt Bergmans, sem er dagsett 29. október 1992 er skýrt frá því að ráðuneytinu hafi borist erindi frá Hrafni, þessu næst er efni bréfs hans endursagt að hluta og að lokum óskað eftir að sjóðurinn taki umsókn Hrafns, og annarra sem svipað er ástatt um, aftur til meðferðar við næstu úthlutun úr sjóðnum. Undir bréfið skrifar Knútur einn fyrir hönd ráðherra. Rétt er að taka fram að Knútur telur sig sem ráðuneytisstjóra hafa haft fullt stöðuumboð til þess að ganga frá bréfinu með þessum hætti og senda í nafni ráðherra.

Þann 2. nóvember 1992, þ.e. fjórum dögum eftir að umrætt bréf ráðuneytisins er dagsett, boðaði Þórunn þá innlendu aðila sem áttu aðild að Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðnum til fundar í ráðuneytinu. Tilefni fundarins var að ræða áfangaskýrslu um sjóðinn sem þá lá fyrir. Fundinn sátu auk Þórunnar, aðal- og varafulltrúi Íslands í sjóðsstjórninni, framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs, fulltrúar Sjónvarpsins, Stöðvar 2 og félaga kvikmyndagerðamanna og kvikmyndaframleiðenda. Þórunn segir að bréfið til sjóðsins hafi ekki verið á dagskrá fundarins, en hún hafi samt sem áður látið Ólaf Ragnarsson vita af málinu fyrir fundinn. Knútur sat ekki fundinn en kom þegar honum var að ljúka og tilkynnti fundarmönnum um bréf til sjóðsins sem hann væri með. Bréfinu var ekki dreift á fundinum. Fulltrúi Sjónvarpsins, Pétur Guðfinnsson, mun hafa látið í ljós efasemdir um að rétt væri að senda umrætt bréf. Var sérstaklega bent á að bréfið gæti mælst illa fyrir hjá sjóðsstjórninni þar sem ráðuneytið væri með þessu að blanda sér í málefni sjálfstæðrar stofnunar. Það hefur komið fram hjá Knúti að þrátt fyrir að bréfið sé dagsett áður en fundurinn var haldinn, hafi ekki veriðúið að senda bréfið úr ráðuneytinu.

Þann 16. desember 1992 var haldinn fundur í stjórn sjóðsins og sat Kristín Jóhannesdóttir fundinn þar sem Ólafur Ragnarsson hafði ekki tók á að mæta þann dag. Fyrir fundinum lá m.a. bréf ráðuneytisins vegna erindis Hrafns. Fulltrúar Íslands, þ.e. aðalmaður og varamaður, voru reyndar búnir að óska eftir að málið yrði tekið upp á fundinum og var fyrirfram kunnugt um bréf ráðuneytisins til sjóðsins. Á fundinum var samþykkt að veita styrki til 11 mynda, en þar af voru a.m.k. þrjár sem áður höfðu fengið neitun. Það voru "Hin helgu vé" sem fékk eina milljón SEK, finnska myndin "The Last Border" fékk 500.000 SEK og norska myndin, "Telegrafisten" fékk sama styrk. Forslund hafði lagst gegn tveimur þeim fyrrnefndu í tillögu til stjórnar þann 8. apríl en hinsvegar mælt með styrkveitingu til norsku myndarinnar. Í hópi annarra mynda sem hlutu styrk á þessum fundi var mynd Öldu Lóu Leifsdóttur, "Halló", sem hlaut 110.000 SEK og mynd Baldur Film "Með barnsaugum" sem er hluti af norrænu

samstarfsverkefni en til þess var veitt einni milljón sænskra króna sem skiptist milli Baldur Film og norsks samstarfsaðila. Á meðal umsókna sem hafnað var á fundinum vegna ófullnægjandi fjármögnunar voru nokkrar íslenskar. Að baki ákvörðun stjórnar um styrk til mynda sem áður hafði verið hafnað, mun hafa legið sú skoðun að Forslund hefði gefið viðkomandi kvikmyndagerðarmönnum ákveðin vilyrði um stuðning sem ekki væru stætt á öðru en að efna. Það mun hafa vegið þungt á metunum að þessi vilyrði voru gefin á þeim tíma þegar framkvæmdastjóri sjóðsins hafði heimild til að ráðstafa 3 milljónum SEK til hvers verkefnis án samþykkis stjórnar.

Niðurstöður

Samkvæmt framkomnum upplýsingum tók þáverandi ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins, Knútur Hallson, þá ákvörðun sjálfur að afgreiða erindi Hrafns Gunnlaugssonar með því að framsenda erindi hans til Norræna kvikmynda- og sjónvarps sjóðsins ásamt ósk um að sjóðurinn tæki mál hans og annarra sem eins væri ástatt um, til nýrrar afgreiðslu. Menntamálaráðherra, Ólafi G. Einarssyni, var kunnugt um að erindið hafði borist ráðuneytinu og var kunnugt um innihald þess. Hinsvegar hefur ekki komið fram að honum hafi verið kunnugt um hvernig Knútur afgreiddi erindið fyrr en málið varð opinbert í fjölmiðlum næstum hálfu ári síðar. Bréf ráðuneytisins var skrifað vegna máls eins tiltekins aðila og í því fólst ósk til sjóðsins um að enduskoða fyrri ákvörðun um veitingu styrkja. Í ljósi þess að bréfið gat sett stjórn sjóðsins í vanda og hugsanlega valdið grunsemdum um að ráðuneytið væri að ganga erinda eins tiltekins umsækjanda, verður að telja að ráðuneytisstjóri hefði eins og á stóð gert réttast í að benda Hrafn á að senda kvörtun sína beint til sjóðsins eða til fulltrúa Íslands í stjórn hans. Hafi ráðuneytisstjóri talið rétt að ráðuneytið sendi sjóðnum erindið hefði verið eðlilegt að leita samþykkis ráðherra fyrir þeirri afgreiðslu.

Hvað varðar áhrif bréfs ráðuneytisins á ákvörðun stjórnar sjóðsins um að úthluta Hrafn styrk, er þess að geta að stjórn sjóðsins hafði áður en bréf ráðuneytisins barst, séð ástæðu til að taka til umfjöllunar vilyrði þau sem framkvæmdastjóri sjóðsins hafði gefið umsækjendum. Það verður því ekki staðhæft að umrætt bréf hafi skipt sköpum um að Hrafn fékk styrk frá sjóðnum. Fremur má skýra afstöðubreytingu stjórnarinnar sem viðurkenningu á að framkvæmdastjórinn hefði gefið ákveðin vilyrði sem sjóðurinn væri að vissu leyti skuldbundinn af. Hinsvegar verður tæplega fallist á að Hrafn hafi með fullum rétti getað byggt áætlun um fjármögnun myndar sinnar á vilyrði Forslunds, enda var það gefið eftir að hann hafði lesið gróft handrit af myndinni, formleg umsókn hafði ekki verið send honum og í svari hans er ekki tilgreind ákveðin fjárhæð sem sjóðurinn myndi veita til myndarinnar. Það verður því ekki séð að við sjóðinn verði sakast nema að hluta vegna þeirra skuldbindinga sem Hrafn stofnaði til út á væntanlegan styrk, áður en sjóðsstjórnin hafði fjallað um styrkumsókn hans. Rétt er að taka það fram af þessu tilefni, að Hrafn taldi sig geta treyst á að hann fengi styrkinn þar sem varamaður Svía í stjórn sjóðsins hafði talið það öruggt.

Að því er snýr að framkvæmdastjóra sjóðsins í því máli sem hér er til umræðu, verður að telja að það hafi verið óvarkári þegar hann gaf óljós fyrirheit um styrki, áður en fyrir lágu fullnægjandi umsóknir sem hann gat byggt álit sitt á. Hann nefnir sjálfur

Þann möguleika að ýmsir kvikmyndagerðarmenn hafi "í góðri trú" byggt athafnir sínar á slíkum vilyrðum enda framkvæmdastjóra á þessum tíma heimilt að ráðstafa ákveðnum fjármunum upp á eigin spýtur. Þá vekur faxbréf hans til Hrafns daginn fyrir fund stjórnar furðu, en þar segist hann ætla að þegja um neikvæða afstöðu sína til myndarinnar gagnvart stjórn sjóðsins sem hann þó er ráðinn til að ráðleggja um val á myndum sem hljóta styrki. Vinnubrögð sem þessi, hljóta að valda trúnaðarbresti á milli framkvæmdastjóra og stjórnar sjóðsins, og valda tortryggni hjá umsækjendum um að sjóðurinn starfi heiðarlega. Rétt er að taka það fram að Hrafn verður ekki talinn ábyrgur fyrir efni þessa bréfs.

8 Evrópski kvikmyndasjóðurinn

Þótt Hrafn Gunnlaugsson eða F.I.L.M. hf. hafi aldrei sótt um styrki úr Evrópska kvikmyndasjóðnum, er talið rétt að fjalla um hann í ljósi þess að íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa fengið umtalsverðar fjárhæðir úr sjóðnum. Skiptir þetta máli þegar hugað er að samanburði styrkja úr opinberum sjóðum, sem íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa notið.

Evrópski kvikmyndasjóðurinn var stofnsettur 1988 af 12 ríkjum úr Evrópuráðinu. Nú eru aðildarríki sjóðsins 23 talsins og er Ísland meðal þeirra. Markmið sjóðsins er að styrkja gerð leikinna kvikmynda í fullri lengd og athyglisverðra heimildarmynda. Sjóðurinn aflar sér tekna með framlögum aðildarríkjanna og nemur fjárhagsáætlun fyrir árið 1993 150 MFRF (milljónir franskra franka) en það svarar til liðlega 1,7 milljarðs króna. Stefna sjóðsins er sú að dreifa ekki fjármunum of mikið heldur veita styrki sem munar um til kvikmynda, og þá til kvikmynda þar sem samvinna aðila frá a.m.k. þremur aðildarríkjum á sér stað. Á árunum 1988 - 1992 veitti sjóðurinn styrki til 144 leikinna kvikmynda og 18 heimildarmynda en aðilar þeirra mynda voru yfir 500. Hefur sjóðurinn veitt rúmlega 346 MFRF til þessara verkefna. Að auki hefur sjóðurinn veitt dreifingarstyrki til 73 aðila vegna 31 kvikmynda.

Stjórnvöld á Íslandi hafa lagt fram fé til sjóðsins sem hér segir:

Ár	FRF	IKR
1989	150.000	1.746.300
1990	150.000	1.746.300
1991	150.000	1.746.300
1992	200.000	2.328.400
1993	217.735	2.534.871
		<u>10.102.171</u>

Á árinu 1993 var Kvikmyndasjóði falið að greiða framlag Íslands enda fékk sjóðurinn hærra framlag en áður á fjárlögum.

Íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa notið styrkja úr sjóðnum sem hér segir:

Iceland Film Corporation Ltd, Friðrik Þór Friðriksson					
Börn náttúrunnar	1990	1.200.000	FRF	kr.	13.970.400
Gjóla hf., Ásdís Thoroddsen					
Ingaló	1991	800.000	FRF	kr.	9.313.600
Tíu-tíu hf. Film Productions, Kristín Jóhannesdóttir					
Svo á jörðu sem á himni	1991	1.500.000	FRF	kr.	17.463.000

Umbifilms sf.	Guðný Halldórsdóttir					
Karлакórinн Hekla	1992	1.200.000	FRF	kr.	13.970.400	
Iceland Film Corporation Ltd,	Friðrik Þór Friðriksson					
Bíó dagar	1993	1.600.000	FRF	kr.	18.627.200	

Heildafjárhæð veittra styrkja sjóðsins til íslenskra kvikmyndagerðarmanna hefur samkvæmt ofanrituðu numið kr. 73.345.600.

Kvikmyndasjóður Íslands hefur tekið þátt í samstarfsverkefnum með Finnum og Svíum um gerð kvikmynda fyrir börn sem meðframleiðandi. Hafa þær þjóðir jafnframt tekið þátt í gerð íslenskrar barnamyndar sem meðframleiðendur. Þá hefur Skífan hf. verið meðframleiðandi að danskri kvikmynd. Einnig hafa tveir íslenskir aðilar fengið dreifingarstyrki.

Ljóst er að íslensk kvikmyndagerð hefur notið þess í ríkum mæli að Ísland hefur gerst aðili þessum sjóði með því að fengnir styrki eru miklu hærri en framlög Íslands í sjóðinn hafa numið.

9 Menntamálaráðuneytið

Menntamálaráðuneytið keypti á árunum 1992 og 1993 sýningarrétt á þremur leiknum kvikmyndum af F.I.L.M. hf. sem er fyrirtæki í eigu Hrafn Gunnlaugssonar. Nánar tiltekið er hér um að ræða rétt til að láta fjölfalda og dreifa myndunum til notkunar í skólum (non commercial, institutional rights). Um var að ræða myndirnar "Lilja", "Í skugga hrafnins" og "Óðal feðranna". Hrafn eða fyrirtæki í hans eigu hafi ekki átt önnur fjárhagleg samskipti við ráðuneytið svo kunnugt sé.

Fyrir utan myndir Hrafn hefur ráðuneytið á undanförunum árum keypt sýningarrétt á nokkrum öðrum leiknum íslenskum kvikmyndum. Námsgagnastofnun hefur fengið (eða mun fá) umræddar kvikmyndir til ráðstöfunar. Um er að ræða eftirtaldar sjö kvikmyndir:

<i>Kaup- ár</i>	<i>Heiti myndar</i>	<i>Framleiðandi/ leikstjóri</i>	<i>Lengd sýningar- réttar</i>	<i>Kaupverð (þ.kr.)</i>	<i>Framreiknað kaupverð í maí 1993</i>
1983	Útlaginn	Ágúst Guðmundsson	15 ár	780	3.831
1988	Atómstöðin	Þorsteinn Jónsson	5 ár	3.000	4.770
1988	Punktur, punktur, komma strík	Þorsteinn Jónsson	5 ár	3.000	4.770
1990	Kristnihald undir Jökli	Guðný Halldórsdóttir	12 ár	1.200	1.372
1992	Lilja	Hrafn Gunnlaugsson	12 ár	2.600	2.682
1993	Í skugga hrafnins	Hrafn Gunnlaugsson	12 ár	2.650	2.650
1993	Óðal feðranna	Hrafn Gunnlaugsson	12 ár	2.650	2.650
				Samtals	22.724

Fjármálaráðuneytið, Reykjavíkurborg og Námsgagnastofun keyptu sýningarréttinn á "Útlaganum", en menntamálaráðuneytið sýningarrétt annarra mynda. Eins og yfirlitið ber með sér hefur sýningarréttur verið keyptur á myndum eftir fjóra aðila. Greiðslur fyrir myndir Hrafn nema samtals 7,9 m.kr. eða um 35% af heildarkaupum ráðuneytisins á íslenskum kvikmyndum. Til samanburðar námu kaup ráðuneytisins á myndum Þorsteins Jónssonar 9,5 m.kr. eða um 42% af samanlögðum kaupum á myndum.

Tildrög þess að menntamálaráðuneytið keypti sýningarréttinn á kvikmyndum Hrafn Gunnlaugssonar eru þau, að eftir að hann fékk synjun um styrk frá Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðnum til að gera myndina "Hin helgu vé" óskaði hann eftir fundi með Ólafi G. Einarssyni menntamálaráðherra. Honum var þá kunnugt um það frá Námsgagnastofun að ráðuneytið hefði í nokkrum tilvikum keypt sýningarrétt á leiknum íslenskum kvikmyndum, auk þess sem hann hafði aflað sér upplýsinga frá ráðuneytinu um kaupverð myndanna. Á fundinum með ráðherra upplýsti Hrafn um fjárhagserfiðleika sem hann var í vegna "Hinna helgu véa" og bauð ráðuneytinu til kaups sýningarrétt á þremur myndum. Ólafur mun hafa lýst áhuga sínum á að aðstoða Hrafn í þessu máli en tekið fram að ráðuneytið hefði takmarkaða fjármuni til ráðstöfunar til kaupa á myndum. Hann myndi geta keypt eina mynd af Hrafn þá

þegar en hinar tvær ekki fyrir en á næsta ári. Ráðherra myndi gefa skriflegt loforð um kaupin sem Hrafn gæti notað til að útvega lánsfé. Ólafur fól síðan ráðuneytisstjóra að athuga hvort það verð sem farið var fram á væri raunhæft og að útbúa samningsuppkast. Samningur um kaup ráðuneytisins á "Lilju" var síðan gerður 10. júlí 1992. Þá gaf menntamálaráðherra svohljóðandi yfirlýsingu 28. s.m.: "Það er ákvörðun menntamálaráðherra í samráði við fjármálaráðherra að kaupa tvær filmur af Hrafn Gunnlaugssyni í síðasta lagi á næsta ári. Kaupverð er 5,3 milljónir kr., sem mun verða greitt beint til Íslandsbanka hf. til endurgreiðslu á láni að sömu fjárhæð, sem Hrafn hyggst taka í nefndum banka." Samningur um kaup ráðuneytisins á myndunum "Í skugga hrafnsins" og "Óðal feðranna" var síðan gerður 9. febrúar 1993.

Menntamálaráðherra hefur tjáð Ríkisendurskoðun að hann hafi sjálfur tekið ákvörðun um kaup á myndum Hrafns. Slíkt sé ekki óeðlilegt þar sem ráðherra taki einnig ákvörðun um ráðstöfun á fé til ýmissar annarrar menningarstarfsemi. Ráðherra sagði að auk hans hefðu aðstoðarmaður hans, ráðuneytisstjóri og deildarstjóri fjallað um málið, og hafi enginn þeirra lagst gegn kaupunum. Þó hefðu verið látnar í ljós vissar áhyggjur um að þessi kaup leiddu til þess að minna yrði til ráðstöfunar til úthlutana af öðrum safnliðum ráðuneytisins. Hvorki ráðherra né núverandi eða fyrrverandi ráðuneytisstjóri rekur minni til að ráðuneytið hafi hafnað kaupum á íslenskum kvikmyndum áður en erindi Hrafns var afgreitt.

Samkvæmt upplýsingum frá Námsgagnastofnun, átti stofnunin hlut að máli við samningagerð vegna kaupa menntamálaráðuneytisins á myndinni "Kristnihald undir Jökli", m.a. varðandi tímalengd sýningarréttar. Þá mun stofnunin hafa gefið samþykki sitt fyrir að taka fyrri myndir til dreifingar í skólum áður en gengið var frá kaupum á þeim. Hins vegar var ekki haft samráð við stofnunina áður en ráðuneytið gerði samninga um kaup á myndum Hrafns. Ráðherra skýrði þessa afstöðu sína með þeim rökum að kaupin hefðu fyrst og fremst verið gerð til stuðnings íslenskri kvikmyndagerð, og því hafi ekki verið ástæða til að leita eftir afstöðu Námsgagnastofnunar til kaupa á myndunum. Þá er sú ákvörðun ráðuneytisins að styrkja með þessum hætti íslenskar myndir, rökstudd með því framlög til Kvikmyndasjóðs hafi verið skert á undaförnum árum eða verkefnum bætt við án viðbótartekna, s.s.þáttöku í norrænu samstarfi um kvikmyndagerð. Ráðuneytið hyggst senda Námsgagnastofnun myndirnar enda er beinlínis gert ráð fyrir því gert í kaupsamningi. Námsgagnastofnun hefur hinsvegar ekki tekið afstöðu til þess hvort umræddar myndir henti til notkunar í skólum enda hefur erindi þessa efnis ekki enn borist stofnuninni frá menntamálaráðuneytinu.

Það er einkennandi fyrir allar þær íslensku kvikmyndir sem ráðuneytið keypti til og með árinu 1992, að þær eru byggðar á bókmenntaverkum sem lesin eru í skólum. Að einhverju leyti stafar það einfaldlega af því að íslenskir kvikmyndagerðarmenn leituðu í upphafi mikið fanga í þekkt bókmenntaverk. Þá skipti það eflaust máli að það lá beint við að þær myndir sem keyptar væru til sýninga í skólum pössuðu við það námsefni sem þar var kennt. Hver sem skýringin er þá má með nokkrum rétti segja að ákveðin hefð hafi skapast í þessu efni og að kaupin á "Lilju" hafi verið í samræmi við hana. Hvorug hinna myndanna sem sem ráðuneytið keypti af Hrafn eru hinsvegar byggðar á verkum sem lesin eru í skólum. Ekki verður lagður hér dómur á hvort umræddar myndir henti til notkunar í skólum á sama hátt og aðrar myndir sem ráðuneytið hefur keypt, en ljóst má vera að allflestar leiknar íslenskar kvikmyndir

hljóta nú að koma til greina í þessu sambandi. Nauðsynlegt er að skýr stefna ríki varðandi þetta atriði til að tryggja að jafnræði í þessum efnum, en hjá ráðuneytinu liggja nú til afgreiðslu nokkur erindi um kaup á íslenskum kvikmyndum.

Niðurstöður

Það verð sem menntamálaráðuneytið hefur greitt fyrir sýningarrétt á kvikmyndum hefur verið mjög misjafnt sem og lengd sýningarréttar sem samið er um. Skiptir þar vafalaust máli að ráðuneytið var oft ekki síður að hlaupa undir bagga fjárhagslega með viðkomandi kvikmyndagerðarmönnum með kaupum á myndum, eins og að kaupa námsefni fyrir skólana. Tvær myndir sem keyptar voru á árinu 1988, skera sig úr í þessu sambandi, þ.e. "Atómstöðin" og "Punktur, punktur, komma, strik", en þar var samið um skemmri sýningarrétt, þ.e. 5 ár, og hærra verð en fyrir aðrar myndir. Það verð sem greitt var fyrir hverja mynd Hrafns Gunnlaugssonar er um helmingi lægra en greitt var fyrir ofagreindar tvær myndir hvora um sig. Þá var samið um mun lengri sýningarrétt á myndum Hrafns eða 12 ár. Greiðslur fyrir myndir Hrafns eru hinsvegar um tvöfalt hærri en greitt var fyrir myndina "Kristnihald undir Jökli" sem keypt var árið 1990. Reyndar vekur athygli að það verð sem greitt var fyrir "Lilju", er nánast það sama og greitt var fyrir hinar myndir Hrafns þó "Lilja" sé aðeins 30 mínútur að lengd, tekin á 16 mm filmu og verulega ódýrari í framleiðslu en hinar myndirnar tvær. Verður að hafa þetta í huga þegar kaupverðið á myndum Hrafns er borið saman við kaupverð annarra mynda, þó hugsanlega megi líta á kaupin sem eina heild. Af því sem að ofan hefur verið rakið er þó ljóst að kaupverð og aðrir samningsskilmálar vegna mynda Hrafns voru verið innan þeirra marka sem áður hafa tíðkast við kaup ráðuneytisins á sýningarrétti leikinna íslenskra kvikmynda.

Varðandi sjálfa afgreiðslu ráðuneytisins á erindi Hrafns vekur það athygli að ekki var haft samráð við Námsgagnastofnun áður en gengið var frá kaupum á myndum sem stofnuninni er þó ætlað að dreifa til í skóla. Slíkt samráð hafði tíðkast fram að kaupum á umræddum myndum. Ekki var sjálfgefið að ganga hafi mátt út frá að samþykki fengist hjá stofnuninni fyrir dreifning myndanna með vísun til fyrri afgreiðsla, enda eru tvær af umræddum myndum ekki byggðar á bókmenntaverkum sem notuð eru í skólum svo sem gilt hefur um fyrri myndir. Með tilliti til þess sem áður hafði tíðkast, hlutverks Námsgagnastofnunar og ákvæða í kaupsamningi um að umræddum myndum Hrafns skuli dreift í skóla, telur Ríkisendurskoðun að ráðuneytið hefði átt að óska eftir umsögn Námsgagnastofnunar áður en umrædd kaup voru gerð.

Þá er ljóst að eftir kaup ráðuneytisins á myndum Hrafns mun ráðuneytið eiga erfiðara með að synja um kaup á myndum enda þó þær séu ekki byggðar á bókmenntaverkum sem lesin eru í skólum. Ekki hefur enn reynt á það hvort ráðuneytið muni synja þeim erindum sem því hafa borist frá kvikmyndagerðarmönnum um kaup á myndum. Jafnræðisreglan í stjórnsýslu býður að slík erindi fái sambærilega afgreiðslu og erindi Hrafns. Það verður þó að teljast vafasamt í ljósi þeirra fjárveitinga sem ráðuneytinu eru ætlaðar. Ráðuneytinu mátti vera sú staðreynd ljós þegar ákveðið var að kaupa kvikmyndir Hrafns. Ríkisendurskoðun gerir í þessu sambandi athugasemdir við það hvernig almennt hefur verið staðið að kaupum á íslenskum kvikmyndum að hálfu ráðuneytisins á undanförunum árum. Þannig hefur ekki verið auglýst eftir umsóknum um framlög, en slíkt verður að telja eðlilegt til að tryggja jafnræði aðila við úthlutun á

Því fé sem ráðuneytið hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma. Ríkisendurskoðun telur það reyndar almennt orka tvímælis að ráðuneytið sjálf sé best til þess fallið að ráðstafa fjármunum til kaupa á einstökum myndum. Eðlilegra virðist að þeir aðilar sem lög mæla fyrir um að skuli fjalla um kaup á námsgögnum eða styrkveitingar til íslenskrar kvikmyndagerðar afgreiði mál af þessu tagi. Þannig er rétt að Námsgagnastofnun meti og kaupi myndir til dreifingar í skólum, en ef það vakir hinsvegar aðallega fyrir ráðuneytinu að styrkja gerð íslenskra kvikmynda. Jafnframt er eðlilegt að Kvikmyndasjóður fjalli um málið sem sá aðili sem veitir styrki til kvikmyndagerðar hér á landi.

Að lokum gerir Ríkisendurskoðun athugasemd við greiðsluloforð sem menntamálaráðherra, með samþykki fjármálaráðherra, gaf með yfirlýsingu 28. júlí 1992 og getið er um hér að ofan. Telja verður að ráðherra hafi brostið heimild til að gefa út óskilyrta yfirlýsingu sem þessa. Slík yfirlýsing, þó skilyrt væri, yrði samt sem áður að teljast óheppileg með tilliti til þess fordæmis sem með því er skapað. Ráðherra væri þá í raun að ráðstafa fjármunum fyrirfram áður en ljóst er hvaða fjárveitingar Alþingi veitir til viðkomandi verkefna.

10 Námsgagnastofnun

Þótt Hrafn Gunnlaugsson eða fyrirtæki hans F.I.L.M. hf hafi ekki átt nein viðskipti við Námsgagnastofnun er talið rétt að fjalla nokkuð um stofnunina í ljósi þess að hún hefur samið við fáeina kvikmyndagerðarmenn um kaup á leiknum kvikmyndum. Þá stendur stofnunin m.a. fyrir framleiðslu á margvíslegu námsefni að á myndböndum en þeim verkefnum eru falin kvikmyndagerðarmönnum.

Um Námsgagnastofnun gilda lög nr. 23 frá 8. maí 1990. Þar segir í upphafi 1.gr.: "Hlutverk Námsgagnastofnunar er að sjá grunnskólum fyrir sem bestum náms- og kennslugögnum sem eru í samræmi við uppeldis- og og kennslufræðileg markmið laga um grunnskóla og aðalnámsskrár". Í 2. mgr. 5. gr. laganna segir m.a.: "Verkefni stofnunarinnar eru í meginráttum þessi: Stofnunin annast gerð, útgáfu, framleiðslu og dreifingu á náms- og kennslugögnum miðað við íslenskar þarfir og aðstæður. Hún kaupir og framleiðir fræðslumyndir eða er aðili að gerð þeirra".

Í samræmi við ofanefnd ákvæði hefur Námsgagnastofnun haft samskipti við kvikmyndagerðarmenn á liðnum árum. Hefur þeim samskiptum verið skipt í fernt:

1. Kvikmyndagerðarmenn hafa tekið að sér verkefni fyrir stofnunina sem verktakar við ýmsa þætti námsefnisgerðar á myndböndum. Stofnunin hefur ótakmarkaðan rétt til að nýta slík myndbönd við sýningar í skólum landsins en kvikmyndagerðarmenn eiga nýtingarréttinn að öðru leyti.

2. Námsgagnastofnun hefur keypt töluvert af íslenskum fræðslu- og heimildarmyndum unnar af innlendum kvikmyndagerðarmönnum. Myndirnar eru yfirleitt keyptar tilbúnar til fjölföldunar og dreifingar. Réttur stofnunarinnar nær í flestum tilvikum til ótakmarkaðrar notkunar á myndunum í skólum landsins.

3. Námsgagnastofnun hefur tekið þátt í framleiðslu einstakra mynda og myndaraða sem íslensk fyrirtæki hafa framleitt, þ.e. verið meðframleiðandi. Réttur stofnunarinnar nær í flestum tilvikum til ótakmarkaðrar notkunar á þeim myndum í skólum landsins.

4. Námsgagnastofnun hefur nokkrar íslenskar leikna kvikmyndir til dreifingar í skóla. Flestar hafa borist stofnuninni eftir að fjallað hafði verið um notagildi myndanna við kennslu og þær síðan greiddar af menntamálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti og Reykjavíkurborg en Námsgagastofnun hefur einnig sjálf greitt fyrir notkunarrétt.

Ofanefndar leiknar kvikmyndir eru sjö talsins. Af þeim hefur stofnunin sjálf keypt þrjár en um hinar er fjallað í kaflanum um menntamálaráðuneytið. Á árinu 1988 var samið um 12 ára notkunarrétt á kvikmyndinni 79 af stöðinni. Sama ár var gerður samningur um kvikmyndina Land og synir með sama notkunarrétti. Reykjavíkurborg greiddi helming verðsins en ríkissjóður og Námsgagnastofnun skiptu með sér hinum helmingnum. Á árinu 1992 keypti Námsgagnastofnun 50 myndbönd af kvikmyndinni "Jón Oddur og Jón Bjarni" með ótakmörkuðum rétti til notkunar í skólum.

Til samanburðar er kaupverð nefndra kvikmynda reiknað til verðlags í maí 1993 samkvæmt framfærsluvísitölu.

<i>Heiti kvikmyndar</i>	<i>kaupár</i>	<i>verð</i>	<i>verð í maí 1993</i>
Land og synir	1988	800.000	1.271.891
79 af stöðinni	1988	200.000	317.973
Jón Oddur og Jón Bjarni	1992	164.963	170.182
Samtals			<hr/> 1.760.046

Námshagstofnun hafði fallist á kaup kvikmyndanna "Útlaginn", "Atómstöðin", "Punktur, punktur, komma strik" og "Kristnihald undir Jökli" áður en til þeirra kaupa kom, þótt stofnunin hafi ekki verið sammingsaðili að þeim kaupum. Stofnunin hefur talið þær nýtanlegar í skólum landsins enda eru þær allar byggðar á útgefnum sögum sem verið hafa námsefni þar.

Námshagstofnun hefur hafnað kaupum á leiknum kvikmyndum ef hún hefur talið að myndirnar væru ekki hæfar til sýninga í skólum landsins, en einnig hefur kvikmyndum verið hafnað af fjárhagsástæðum.

11 Lánasjóður Vestur-Norðurlanda

F.I.L.M. hf. hefur eitt kvikmyndagerðarfyritækja hér á landi fengið lán úr Lánasjóði Vestur-Norðurlanda en það var veitt til undirbúnings að byggingu kvikmyndavers hér á landi. Verður fjallað um sjóðinn hér á eftir og nánari grein gerð fyrir nefndri lánveitingu.

Í samþykktum Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda er kveðið á um að hann veiti lán og tryggingar á almennum bankakjörum, en getur þó, ef aðstæður mæla með, veitt lán og tryggingar á hagstæðari kjörum. Sjóðurinn getur einnig veitt styrki eða skilyrt lán til sérstakra verkefna. Skilyrt lán bera því aðeins vexti og endurgreiðast að framvinda verkefnisins leyfi. Slíka styrki og skilyrt lán má einungis veita af heildarhagnaði og eru þeim þröngar skorður settar sem stendur. Í ársbyrjun 1992 ákvað stjórn sjóðsins að beita frekar skilyrtum lánum í tengslum við venjulega og stærri lánveitingu til þess að fjármagna forkönnun á þróunarverkefnum, heldur en að veita styrki til slíkra verkefna eingöngu.

Á starfsárinu 1992 var stjórn sjóðsins þannig skipuð:

Wilhelm Ulrichsen, Danmörku
 Tauno Ylinen, Finnlandi
 Sigurd Poulsen, Færeyjum
 Jörn Birk Olsen, Grænlandi
 Sturlaugur Þorsteinsson, Íslandi
 Björn Normann Hansen, Noregi
 Myrna Smitt, Svíþjóð

Vorið 1992 tók stjórn sjóðsins einróma þá ákvörðun að veita F.I.L.M. skilyrt lán til tveggja ára til forkönnunar um að koma á stofn kvikmyndaveri í Reykjavík, nánar tiltekið á Laugarnestanga. Lánsfjárhæðin nam USD 78.000 eða kr. 4.977.180 og var lánþega jafnframt gert að leggja fram jafnvirði USD 46.800 í íslenskum krónum eða kr. 2.986.308, sem hann gerði.

F.I.L.M. á kost á að sækja um viðbótarlán að fjárhæð allt að USD 390.000 sem svarar til kr. 24.885.900 til 10 ára á venjulegum kjörum sjóðsins, ef forkönnun lýkur eigi síðar en 1. apríl 1993 með þeirri niðurstöðu að stofnun kvikmyndavers verði talinn vænlegur kostur. Komi til þeirrar lánveitingar verður ofangreindu láni að fjárhæð USD 78.000 jafnframt framlengt til sama tíma og viðbótarlánið.

Skyldi forkönnunin ekki ná tilsettum árangri að mati sjóðsins, þ.e. að óhagkvæmt reynist að reisa kvikmyndaver hér á landi, fellur skuldbinding lánþega til endurgreiðslu á hinu skilyrta láni niður.

Ljúki forkönnunni með ófullnægjandi hætti að mati sjóðsins eða alls ekki, verður lánþegi að endurgreiða lánið.

F.I.L.M. hf hefur ekki enn náð að ljúka nefndri forkönnun en hefur samið við sjóðinn um að lengja lánstímann um eitt ár, þ.e. til 1. apríl 1994 gegn því að ljúka forkönnuninni innan þess tíma

Ekki hafa aðrir kvikmyndagerðarmenn sótt um fyrirgreiðslu hjá sjóðnum en sjóðurinn hefur veitt ýmsum íslenskum fyrirtækjum fyrirgreiðslu.

12 Launasjóður rithöfunda

Launasjóður rithöfunda hefur tvívegis úthlutað starfslaunum til Hrafns Gunnlaugssonar, þ.e. árinu 1989 og 1990.

Ár	Fjárhæð	Framreiknuð fjárhæð í maí 1993
1989	116.430	152.820
1990	141.900	162.185
	Samtals	<hr/> 315.005

Árið 1975 voru sett lög um Launasjóð rithöfunda (lög nr. 29/1975). Þar kemur m.a. fram að sjóðnum skuli ætluð fjárveiting á fjárlögum ár hvert. Í reglugerð sem menntamálaráðherra setur (reglug. nr. 437/1979) voru sett ákvæði um skipun stjórnar sjóðsins og úthlutanir. Þar segir að menntamálaráðherra skipi stjórn sjóðsins til þriggja ára í senn, þrjá menn tilnefnda af stjórn Rithöfundasambands Íslands og standa utan þess. Engan má tilnefna í stjórn tvívegis í röð né oftari en tvisvar samanlagt. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Sjóðsstjórn annast úthlutun úr Launasjóði rithöfunda og skal hafa lokið störfum í mars ár hvert. Árlegum tekjum sjóðsins skal varið til að greiða íslenskum rithöfundum starfslaun skv. 17. launaflokki opinberra starfsmanna (byrjunarþrep). Í umsókn skal getið verka sem höfundur hefur látið frá sér fara eða vinnur að. Að öðru leyti ákveður sjóðsstjórn hvaða upplýsingar fylgja skuli umsókn um starfslaun. Starfslaun eru veitt eftir umsóknum, skemmst til tveggja mánaða og lengst til níu mánaða í senn. Höfundar eiga rétt á að sækja um starfslaun árlega. Höfundur sem sækir um og hlýtur starfslaun í þrjá mánuði eða lengur, skuldbindur sig til að gegna ekki fastlaunuðu starfi á meðan hann nýtur starfslauna. Slík kvöð fylgir ekki tveggja mánaða starfslaunum enda skulu þau einvörðungu veitt vegna verka sem birst hafa næsta almanaksár á undan. Launasjóður rithöfunda starfar nú samkvæmt lögum um listamannalaun sem sett voru árið 1991 (lög nr. 35/1991). Óþarft er að rekja efni þeirra laga í þessu sambandi.

Eftirtaldir aðilar hafa setið í stjórn sjóðsins frá 1987:

1987-1990	Þórður Helgason cand. mag. , Páll Valsson bókmenntafræðingur og Þórdís Þorvaldsdóttir borgarbókavörður.
1990-1992	Gísli Sigurðsson bókmenntafræðingur, Sverrir Hermannsson bankastjóri og Þuríður Jóhannsdóttir bókmenntafræðingur.
1993-	Gísli Sigurðsson bókmenntafræðingur, Sverrir Hermannsson bankastjóri og Þuríður Jóhannsdóttir bókmenntafræðingur.

Árið 1989 sótti Hrafn Gunnlaugsson um starfslaun til Launasjóðsins vegna ljóðabókarinnar "Reimleikar í birtunni". Honum var þá úthlutað starfslaunum í tvo

mánuði. Árið 1990 sótti hann aftur um starfslaun, nú vegna skáldsögu sem byggir á bernskuminningum hans frá Breiðafjarðareyjum og er honum aftur úthlutað tveggja mánaða starfslaunum. Þess má geta að árið 1989 var 99 aðilum veitt starfslaun úr Launasjóði rithöfunda, allt frá tveimur mánuðum til átta. Árið 1990 er fjöldinn 103 og starfslaun veitt til allt að sex mánuða.

Niðurstaða

Hrafn hafði gefið út sex ljóðabækur og smásagnasöfn þegar hann sótti um starfslaun til sjóðsins. Á þessum tíma mun það m.a. hafa verið haft til viðmiðunar við úthlutanir starfslauna að þeir sem gefið höfðu út skáldverk ættu rétt á tveggja mánaða starfslaunum árið eftir svo framarlega sem ritið uppfyllti ákveðnar gæðakröfur. M.a. í ljósi þess verður ekki séð að úthlutun starfslauna til Hrafns orki tvímælis.